


**skoðun 12**


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Heilsa









Krimmakonungur Danmerkur loksins á íslensku!
★★★★ GSH / MBL
www.forlagid.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
27. apríl 2011
96. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA 2001-2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




## Í vinsælum dansþætti

*Ólafur Arnalds á tvö lög í næstu þáttaröð af So You Think You Can Dance*

**fólk 26**

## Hrun breytti mataræði

*Íslendingar borða minna kex og skyndibita eftir hrun en einnig minna af grænmeti og ávöxtum.*

**heilsa 4**



## FH vann fyrsta leikinn

*FH er komið í 1-0 í úrslitaeinvígi N1-deildar karla eftir dramatískan sigur fyrir norðan.*

**sport 22**

## veðrið í dag




**RIGNING** og strekkingsvindur fyrri hluta dags austanlands en svo léttir þar til. Vestan til verður bjart fram eftir degi en svo þykknar upp. Hiti verður á bilinu 5 til 13 stig.

**VEÐUR 4**

# Dýrara að reka Gæsluna á Miðnesheiði en í Reykjavík

**Hagkvæmnismat vegna flutnings Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja sýnir umtalsverðan kostnaðarauka. Niðurstaðan gæti sett flutning stofnunarinnar í uppnám vegna krafna um að breytingar leiði til hagræðis.**

**STJÓRNSÝSLA** Hugsanlegur flutningur Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja gæti haft umtalsverðan kostnað í för með sér vegna flutningsins sjálfs og aukins rekstrarkostnaðar til lengri tíma.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er þetta meðal þess sem kemur fram í hagkvæmnisathugun sem var unnin fyrir innanríkisráðuneytið og verður kynnt á fundi ríkisstjórnar í dag. Þessi niðurstaða gæti sett flutninginn í uppnám.

Athugunin hefur staðið yfir allt frá síðasta hausti, en þetta var meðal þeirra verkefna sem kynnt voru á fundi ríkisstjórnarinnar sem haldinn var í Reykjanesbæ í nóvember. Skýrslan átti að liggja fyrir snemma í febrúar og hefur meðal annars verið þrýst á um niðurstöður í ræðustól á þingi.

Hagkvæmnisathugunin felur ekki í sér endanlega ákvörðun og í henni er ekki lagt mat á áhrif hugsanlegs flutnings á atvinnulíf á Suðurnesjum. Þar er eingungis metinn hugsanlegur kostnaður og áhrif á starf Gæslunnar. Framhaldið er í höndum ríkisstjórnarinnar, en heimildir blaðsins herma að skiptar skoðanir séu um málið þar sem á þingi.

Mikill pólitískur þrýstingur er á flutning, þar sem allir þingmenn Suðurkjördæmis og sveitarstjórnarfólk á svæðinu hafa skorað á stjórnvöld að ganga í málið, og í febrúar var lögð fram þingsályktunartillaga um að ráðherra hæfi undirbúning að flutningi.

Tvær þingsályktunartillögur um gerð hagkvæmnismats vegna flutnings voru lagðar fram árið 2004 og 1992, en komust hvorug út úr allsherjarnefnd.

Talsmenn flutnings vísa meðal annars til þess að þeir telji alla nauðsynlega aðstöðu fyrir Landhelgisgæsluna vera fyrir hendi í Reykjanesbæ. Þar sé stórt flugskýli og annað húsnæði á Ásbrú, auk þess sem hafnaraðstaða sé til reiðu og styttra sé út á haf en frá núverandi aðstöðu í Reykjavíkurhöfn.

Hins vegar er einnig sterk krafa um að ávinningur verði af aðgerðunum, verði þær að veruleika. Það má ráða af ræðum á þingi þar sem þingmenn hafa einnig lagt áherslu á að staðsetning Gæslunnar sé ekki stærsta vandamál stofnunarinnar.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra tók í svipaðan streng í svari sínu við fyrirspurn á Alþingi í janúar síðastliðnum þar sem hann sagði: „Af minni hálfu er meginforsenda þess að gera tillögu um þennan flutning starfsemi Landhelgisgæslunnar að óyggjandi sé að ekki sé óhagkvæmara að reka stofnunina þar en hér í Reykjavík." - þj



**GERPLA ORÐIN 40 ÁRA** Tugir krakka voru við æfingar hjá Gerplu í gær en í fyrradag voru 40 ár liðin frá stofnun fimleikafélagsins. Afmælinu verður fagnað með sýningu hinn 4. júní. **Sjá síðu 14**

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nágrannar á tímamótum:

## Hefur þýtt sex þúsund þætti

**FÓLK** „Fyrstu árin þýddi ég tvo þætti á dag á meðan við vorum að vinna upp en núna er þetta bara einn á dag," segir Snjólaug Bragadóttir þýðandi.



SNJÓLAUG BRAGADÓTTIR

Í dag sýnir Stöð 2 þátt númer sex þúsund af sápuóperunni Nágrönnum en þeir hófu göngu sína á Stöð 2 árið 1989. Snjólaug hefur þýtt alla þættina og segir að sér hafi aldrei leiðst. „Ef ég er frá þáttunum í einhvern tíma er ég farin að hlakka til að taka upp þráðinn aftur," segir hún.

Snjólaug er ánægð með Nágranna, segir þættina ekki spillandi. „Börnum er kennt að vera með hjálm og vera góð við dýrin." - fgg / sjá síðu 26

Kosning til vígslubiskups í Skálholtsumdæmi ólögmæt segir yfirkjörstjórn:

# Kosningin verður endurtekin

**TRÚMÁL** Kosning vígslubiskups í Skálholtsumdæmi var ólögmæt samkvæmt úrskurði yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar, sem gefinn var út í gærkvöldi.

Anna Guðrún Björnsdóttir, formaður kjörstjórnar þjóðkirkjunnar, segir að kjörstjórn muni funda um þessa niðurstöðu yfirkjörstjórnar í dag, en ljóst sé að kosninguna verði að endurtaka.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er þetta í fyrsta skipti sem endurtaka þarf kosningu vígslubiskups innan þjóðkirkjunnar.

Fimm voru í kjöri, og fékk sr. Sigrún Óskarsdóttir flest atkvæði, 40 talsins. Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson varð annar með 35 atkvæði og sr. Agnes M. Sigurðardóttir lenti í þriðja sæti með 34 atkvæði.

Kjósa átti aftur milli tveggja efstu í maí þar sem enginn frambjóðenda fékk hreinan meirihluta í fyrstu umferð.

Sr. Agnes kærði kosninguna þar sem tvö atkvæði sem tekin voru gild voru póstlögð þremur dögum síðar en heimilt var. Þau hefðu getað ráðið úrslitum um hvort hún eða Jón Dalbú lentu í öðru sætinu, og þar með hvort þeirra komst í aðra umferð kosninganna. - bj


Þú leggur línurnar
létt&laggott




gróðurmold garðyrkjumannsins
flúðamold
Úrvalsmold fyrir alla ræktun



enginn verksmiðjuáburður
100% íslensk ræktunarmold
lífræn

Milda
Hollari kostur




Veldu léttari kost í þína matargerð, veldu Milda.

## SPURNING DAGSINS



*Jón Þór, heldurðu að gestir Aldrei fór ég suður muni alltaf fara vestur héðan í frá?*

„Já, í það minnsta einu sinni á ári.“

Jón Þór Þorleifsson er rokkstjóri tónlistarhátíðarinnar Aldrei fór ég suður, sem þótti heppnast með eindæmum vel um síðustu helgi.

Tvær konur kærðu nauðgun til lögreglu um nýliðna páska:

# Þrír sitja inni vegna nauðgana

**LÖGREGLUMÁL** Tvær konur kærðu nauðgun til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um nýliðna páska. Þrír karlmenn sitja í gæsluvarðhaldi vegna þessara tveggja mála.

Kona, fædd 1962, kærði nauðgun í heimahúsi í Kópavogi. Maðurinn sem hún kærði er á svipuðum aldri og hún og býr hann á staðnum þar sem hin meinta nauðgun átti sér stað aðfaranótt páskadags. Konan fór á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis og var lögreglan kvödd þangað.

Þá kærði kona um tvítugt tvo menn fyrir nauðgun á föstudaginn langa. Hún fór einnig á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis og lagði síðan fram kæru hjá lögreglunni á föstudagskvöldið. Mennirnir voru kærðir fyrir að nauðga henni á heimili hennar. Þeir voru handteknir um nóttina, annar skömmu fyrir miðnætti og hinn eftir miðnætti, þar sem þeir voru að skemmta sér hvor í sínu lagi.

Mennirnir tveir eru báðir fæddir árið 1988 og voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald fram á föstudag. Grunur leikur á að þeir hafi nauðgað konunni í sameiningu og beitt hana grófu ofbeldi og þvingunum. **- jss**



**LÖGREGLAN** Lögreglan handtók þrjá menn, sem sitja nú allir í gæsluvarðhaldi.

Markmið SÍ halda ekki:

# Spá verðbólgu í aprílmánuði

**EFNAHAGSMÁL** Verðbólga verður í fyrsta sinn á árinu yfir 2,5 prósenta verðbólgumarkmiði Seðlabankans núna í apríl, gangi eftir spá Greiningar Íslandsbanka um 2,9 prósenta verðbólgu.

Gangi spáin eftir verður það mesta verðbólga frá því í október í fyrra. Hagstofan birtir mælingu sína á morgun, fimmtudag.

Drjúgan þátt í væntri verðbólguaukningu á þáttur eldsneytis, auk þess sem Greining bankans segir vísbendingar um hækkun á verði matvöru. **- óká**

Þrír fyrrverandi liðsmenn VG:

# Stofna ekki þingflokk í bili

**ALÞINGI Þrír þingmenn sem gengið hafa úr þingflokki Vinstri grænna ætla ekki að stofna nýjan þingflokk. Það eru Atli Gíslason, Ásmundur Einar Daðason og Lilja Mósesdóttir þingmenn, að því er fram kemur í tilkynningu frá þremenningunum.**

**Lilja sagði fyrir páska að þingmennirnir þrír væru að íhuga að stofna þingflokk. Í tilkynningunni segir að það sé ekki tímabært enda staðan í íslenskum stjórnmálum óráðin. Þingmennirnir þrír segjast ætla að starfa áfram í anda þeirra hugsjóna sem þeir hafi talað fyrir í aðdraganda kosninga.** **- bj**



**ÚTFÖR** Ættingjar manns sem féll í árás stjórnarhersins á Misrata báru hann til grafar á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Árásir á Misrata halda áfram:

# Sprengingarnar skekja höfnina

**LÍBÍA, AP** Stjórnarher Líbíu hélt í gær áfram árásum á hafnarborgina Misrata, sem er í höndum uppreisnarmanna. Sprengjum rigndi yfir höfn borgarinnar fram á nótt, og hafa tugir fallið í árásum undanfarna daga.

Stjórnarhermenn beittu sprengjuvörpum og eldflaugum gegn höfninni. Hundruð erlendra farandverkamanna höfðu safnast þar saman til að bíða eftir skipum á vegum alþjóðlegra hjálparsamtaka sem flutt hafa flóttafólk burtu frá borginni. **- bj**

# Vilja láta endurskoða Schengen-samstarfið

## Nicolas Sarkozy og Silvio Berlusconi hafa sent framkvæmdastjórn Evrópusambandsins bréf þar sem farið er fram á endurskoðun Schengen-sáttmálans. Frakkar og Ítalir óttast straum flóttamanna frá Norður-Afríku til Evrópu.

**EVRÓPA** Ítalir og Frakkar vilja endurskoða Schengen-sáttmálann með hliðsjón af því ástandi sem skapast hefur þegar tugir þúsunda flóttamanna hafa streymt frá Túnis og fleiri ríkjum Norður-Afríku til Ítalíu.

Talið er að hátt í 30 þúsund flóttamenn hafi komið til Ítalíu á undanförnum vikum. Ítalir hafa leyft þúsundum þeirra að halda áfram til Frakklands. Í flestum tilfellum eru þetta Túnisar sem hafa ætlað að fara til ættingja sinna í Frakklandi en frönsk stjórnvöld hafa sent marga þeirra til baka.

Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti gekk í gær á fund Silvios Berlusconis, forsætisráðherra Ítalíu, þar sem þeir lögðu til hliðar deilur sínar um innflytjendamál og stóðu saman í kröfu sinni um endurskoðun Schengen-sáttmálans.

Fréttastofa BBC greindi frá því í gær að bæði Sarkozy og Berlusconi séu undir þrýstingi frá öfgasinnuðum hægri öflum í heimalöndunum sem vilji stemma stigu við ört vaxandi straumi flóttamanna til landanna.

„Ef sáttmálinn á að vera í gildi þarf að endurskoða hann,“ sagði Sarkozy í gær. Berlusconi sagði nauðsynlegt að setja varnagla eða ákvæði inn í sáttmálann til að bregðast við kringumstæðum líkum þeim sem nú væru uppi og vísaði til ólgunnar í Norður-Afríku. Við slíkar aðstæður, þegar mikill fjöldi flóttamanna streymdi til Evrópu, væri nauðsynlegt að koma á vegabréfaskoðun við innri landamæri álfunnar.

Eftir fundinn sögðust Sarkozy og Berlusconi hafa sent sameiginlegt bréf til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins þar sem óskað væri eftir því að sáttmálinn yrði endurskoðaður á fundi sambandsins í júní.

Markmið Schengen-sáttmálans, sem tók gildi árið 1995, er að auðvelda fólki að ferðast innan Schengen-svæðisins með því að afnema vegabréfaskoðun á innri landamærum þess. Öll Evrópusambandsríkin fyrir utan Bretland og Írland eru þátttakendur í Schengen en auk þeirra hafa Noregur, Ísland og Sviss skrifað undir sáttmálann.

Schengen-samstarfið hefur átt undir högg að sækja undanfarið. Fyrir nokkrum mánuðum stóðu Frakkar og Þjóðverjar meðal annarra fyrir því að hamla þátttöku Búlgaríu og Rúmeníu í samstarfinu. **trausti@frettabladid.is**



**FUNDUR Í RÓM** Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, og Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands, hittust í Róm í gær til að ræða Schengen-sáttmálann. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**HREIÐAR MÁR** Einkahlutafélag Hreiðars Más Sigurðssonar er gjaldþrota. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Félag Hreiðars Más í þrot:

# Skuldar tæpa sjö milljarða

**VIÐSKIPTI** Einkahlutafélag Hreiðars Más Sigurðssonar, fyrrverandi bankastjóra Kaupþings, hefur verið lýst gjaldþrota. Félagið hélt utan um hlutafjáreign bankastjórans fyrrverandi í hlutabréfum bankans.

Samkvæmt ársuppgjöri 2009 átti félagið hlutabréf í Kaupþingi fyrir tæpan 6,1 milljarð króna, bréf í Exista fyrir tæpar 135 milljónir og hlut upp á 260 milljónir í Kaupthing Capital Partners. Öll hlutabréfin, sem nú eru verðlaus, voru lögð að veði gegn 6,5 milljarða króna láni sem var á gjalddaga í ár. Á sama tíma var eigið féð neikvætt um tæpar 7.900 milljónir. **- jab**

Utanríkisráðherra á Indlandi:

# Þakkaði stuðning innan AGS

**UTANRÍKISMÁL Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra þakkaði Indverjum veittan stuðning innan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fundi með S. M. Krishna, utanríkisráðherra Indlands, í Nýju-Delí í gær.**

**Össur óskaði jafnframt eftir áframhaldandi stuðningi Indverja við framgang efnahagsáætlunar Íslands innan stjórnar sjóðsins.**

**Meðal annarra umræðuefna á fundi ráðherranna var frekara samstarf þjóðanna á sviði sjávarútvegs og sviði jarðhita.** **- bj**




Hæð yfir Skandinavíu ábyrg fyrir rysjóttu veðurfari á Íslandi síðustu vikurnar:

# Útlit fyrir hlýrra veður næstu daga

**VEÐUR** Útlit er fyrir að haglél og snjókoma láti undan síga fyrir hlýrra veðri næstu daga og vorveðrið fari að láta á sér kræla.

Rysjótt veðurfar undanfarna daga, með haglélі og snjókomu á tiltölulega hlýjum dögum, má rekja til samspils hæðar yfir Skandinavíu og kuldapolla við Grænland, segir Elín Björk Jónasdóttir, veðurfræðingur við Veðurstofu Íslands.

„Það er að koma maí og við erum að komast út úr kuldaloftinu,“ segir Elín.

Hæðin hefur beint lægðum frá Skandinavíu yfir hafið til Íslands. Lægðirnar hafa sópað með sér köldu lofti frá Grænlandi, með þeim afleiðingum að snjóað hefur nær daglega á Suðvesturlandi síðustu daga.

Elín segir ekkert óeðlilegt við að snjói svo seint á vorin, frekar megi segja að góð vor síðustu ár séu óvenjuleg. Þó megi segja að ekki sé algengt að svona ástand vari svo lengi. **- bj**



**SNJÓKOMA** Slydda og haglél hafa gengið yfir nær daglega undanfarið þó að langt sé nú liðið á apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Föstudagsmessa um **afgreiðslulausnir**

**Opinn morgunverðarfundur 29. apríl fyrir verslanir, þjónustufyrirtæki, vöruhús og heildsölur**

Föstudaginn 29. apríl heldur Skýrr spennandi morgunverðarfund um afgreiðslulausnir fyrir verslanir, þjónustufyrirtæki, vöruhús og heildsölur. Fundurinn fjallar meðal annars um framtíðina í afgreiðslukerfum með sérstaka áherslu á rýrnun. Kynntar verða nýjungar í jafnt hugbúnaðar- sem vélbúnaðarlausnum.

Fundurinn verður haldinn frá kl. 8 til 10, í ráðstefnusal Skýrr að Ármúla 2 (gengið inn frá Háaleitisbraut). Þátttaka er gestum að kostnaðarlausu og fundurinn er öllum opinn meðan húsrúm leyfir.

Skráðu þig með því að senda tölvupóst til skyrr@skyrr.is.

EJS, sem er hluti af Skýrr, hefur áratuga reynslu af sölu afgreiðslulausna. Skýrr þjónustar mörg stærstu afgreiðslukerfi á Íslandi, en býður sömuleiðis meðalstórum og litlum fyrirtækjum fjölbreyttar lausnir. Einnig hefur Skýrr fyrir margt löngu skapað sér sérstöðu í hugbúnaðarlausnum á þessu sviði. Fyrst gegnum Landsteina-Streng sem sameinaðist Skýrr, og síðar á eigin spýtur og með samstarfsaðila sínum, LS Retail.

EJS HLUTI AF SKÝRR

LS RETAIL



8.00 *Húsið opnað*
Magnaður morgunverður að hætti Karls Emils Pálmasonar ofurkokks

8.30 *Skýrr býður góðan dag*
Gestur G. Gestsson, forstjóri Skýrr





8.40 *Microsoft Dynamics NAV fyrir verslanir og vöruhús*
Ágúst Ómar Ágústsson, hugbúnaðarsérfræðingur hjá Skýrr

8.50 *Afgreiðslulausnir Skýrr og EJS: Það er til lausn á öllu*
Bjarni Þór Sigurðsson, hópstjóri vörustjóra hjá Skýrr





9.10 *LS Retail og nýjungar í afgreiðslulausnum*
Guðmundur Karlsson, ráðgjafi hjá LS Retail

9.45 *Rýrnun í verslun og þjónustu*
Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ)



*Fundarstjóri*
Heiða Gunnarsdóttir, vefstjóri Skýrr

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
*Velkomin*

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 11-0996

## GENGIÐ 26.04.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 112,24 | 112,78 |
| Sterlingspund | 185 | 185,9 |
| Evra | 163,92 | 164,84 |
| Dönsk króna | 21,981 | 22,109 |
| Norsk króna | 21 | 21,124 |
| Sænsk króna | 18,391 | 18,499 |
| Japanskt jen | 1,3731 | 1,3811 |
| SDR | 180,5 | 181,58 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

218,4052

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hópur manna gerði misheppnaða ránstilraun í Fischersundi vopnaður barefli:

# Leitað að grímuklæddum ránsflokki

**LÖGREGLUMÁL** Tveir vegfarendur í Fischersundi í Reykjavík urðu fyrir árás grímuklæddra ræningja um klukkan eitt í fyrrinótt. Tvímenningarnir sluppu lítið meiddir og ránið reyndist misheppnað þar sem hópurinn hafði ekkert upp úr krafsinu.

Talið er að árásarmennirnir hafi verið fjórir og að þeir hafi verið í kringum tvítugt. Þeir huldu allir andlit sín, einn með hokkígrímu. Barefli var beitt við atlöguna og er talið að það hafi verið rörbútur.

Þeir sem fyrir árásinni urðu eru um tvítugt. Þeir leituðu sér aðhlynningar á slysadeild en reyndust óbrotnir og fengu að fara heim, bláir og marðir, að skoðun lokinni.

Árásarmennirnir voru ófundnir í gær. Þolendurnir gátu engin kennsl borið á þá, og ekki liggur fyrir hvort fórnarlömbin voru valin af handahófi eða hvort árásarmennirnir áttu eitthvað sökótt við þau.

Að sögn varðstjóra lögreglu er talið að nær víst að mennirnir hafi verið að reyna að komast yfir fé til að kaupa fíkniefni. **- sh**



**HOKKÍGRÍMA** Einn mannanna huldi andlit sitt með grímu áþekkri þeirri sem Jason Vorhees, illmennið úr kvikmyndinni Föstudeginum þrettánda, varð frægur fyrir.

Búa sig undir brúðkaup:

# Bretar stunda veðmálin stíft

**BRETLAND, AP** Veðmálastarfsemi blómstrar þessa dagana í Bretlandi í aðdraganda konunglega brúðkaupsins á föstudag, þegar þau Kate Middleton og Vilhjálmur prins ganga í hjónaband.

Bretar veðja til dæmis um það hve lengi Kate muni láta Vilhjálm bíða eftir því að hún gangi inn kirkjugólfið, hvernig föt Elísabetar drottningar verði á litinn, eða hvort Harry, bróðir brúðgumans, verði nokkuð of hífaður til að geta flutt ræðu svaramanns svo sómi verði að. **- gb**



**ÆÐSTU STJÓRNENDUR** Gert er ráð fyrir góðu ári hjá Marel.

Búist við góðu ári hjá Marel:

# Spá gengishækkun hlutabréfa

**VIÐSKIPTI** **Fyrsti ársfjórðungur var góður hjá Marel og má gera ráð fyrir að hagnaður félagsins nemi 240 milljónum evra í ár, jafnvirði 39 milljarða króna. Sölutekjur gætu numið 611,2 milljónum evra, sem er fimm prósenta aukning á milli ára.**

**Í nýju verðmati greiningarfyrirtækisins IFS er gert ráð fyrir að gengi hlutabréfa fyrirtækisins fari í 0,82 evrur, 133 krónur á hlut. Það er rúmlega fimm prósenta hækkun frá síðasta verðmati IFS í mars en 3,9 prósenta hækkun frá verði gærdagsins.**

**Uppgjör Marels verður birt í dag.** **- jab**

Dregur úr væntingum fólks:

# Brún landans þyngist enn

**EFNAHAGSMÁL** Væntingavísitala Gallup lækkaði þriðja mánuðinn í röð í þessum mánuði. Vísitalan stendur nú í 55,5 stigum; lækkaði um 2,3 stig frá því í mars.

Greining Íslandsbanka lýsir því sem svo að „enn þyngist brún landans" og langt sé í að „hann geti talist vera bjartsýnn á ástand og horfur í atvinnumálum".

Í umfjöllun Greiningar er bent á að síðustu tólf mánuði hafi vísitalan verið rúm 57 stig að meðaltali og fólk sé því svartsýnna á horfurnar núna en að jafnaði. **- óká**

# Þolinmæðin á þrotum hjá aðildarfélögum ASÍ

**Ekkert er um að ræða hjá ASÍ og SA, segir forseti ASÍ. Hann hafnar bæði skammtíma- og langtímasamningi og vill að aðildarfélögin þrýsti á um kjarabætur á árinu. Deila Flóabandalagsins hjá ríkissáttasemjara.**

**KJARAMÁL** Samninganefnd Alþýðusambands Íslands (ASÍ) beinir því til aðildarfélaga sinna að vísa kjaradeilum til ríkissáttasemjara og undirbúa um leið aðgerðir sem þrýsti á atvinnurekendur og tryggi launahækkanir á þessu ári. „Deilan verður ekki leyst með rökum þegar við mætum bara rökleysu," segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, og kveður vel geta komið til verkfalla.

Gylfi segir þolinmæðina á þrotum í öllum aðildarfélögum ASÍ, en samninganefnd ASÍ fundaði um stöðu kjaraviðræðna í Karphúsinu í gær. „Þessi uppstilling á sjávarútvegsmálunum hefur haft mjög neikvæð áhrif," segir hann og kveður mótsögn í því hjá Samtökum atvinnulífsins (SA) að hafna skammtímasamningi og vilja vinna eftir svonefndri „atvinnuleið" en hafna um leið aðgerðasamningi til þriggja ára en þess að lausn liggi fyrir í sjávarútvegsmálum. „Það er nokkuð ljóst að okkur miðar ekkert áfram í samtölum við þá."

Í yfirlýsingu sem Samtök atvinnulífsins (SA) sendu frá sér í gær er áréttað að samningaviðræðum hafi ekki verið slitið þótt gert hafi verið hlé á formlegum fundum fyrir páska. Samtökin segja svonefnda „atvinnuleið" besta kostinn til að ná þjóðinni út úr kreppunni. „Mikilvægur þáttur í atvinnuleiðinni er gerð kjarasamninga til þriggja ára sem SA vinna enn að því að gera," segir í yfirlýsingunni. Um leið segir að ekki sé unnt að gera kjarasamning til þriggja ára án aðkomu stjórnvalda. Skapa verði fyrirtækjum öruggara starfsumhverfi, auk þess sem náist þurfi sátt um málefni sjávarútvegsins.

Gylfi kveðst hins vegar ekki mjög trúaður á að ríkið og SA komist yfir þann ásteytingarstein sem sjávarútvegurinn er. „Mér hefur fundist málinu stillt þannig upp af hálfu atvinnurekenda og stjórnvalda að hvorugur geti vikið. Á milli sitja hins vegar almennir launamenn sem fá ekki launahækkanir." Þá skjóti sökku við að mati Gylfa að gengið hafi verið frá þriggja ára kjarasamningi við Elkem án þess að nokkur fyrirvari væri gerður um sjávarútvegsmál. „Mótsagnir af hálfu atvinnurekenda eru því miklar og verður ekki séð að mál verði til lykta leidd án meiri þrýstings."

Gylfi segir að þótt viðræður séu í deilum einstakra stéttarfélaga sem séu hjá ríkissáttasemjara þá sé það ekki svo milli ASÍ og SA. „Það er einfaldlega af því að það er ekkert um að tala. Þeir hafa hafnað viðræðum." **olikr@frettabladid.is**



**Í KARPHÚSINU** Samninganefnd Alþýðusambands Íslands hittist í húsnæði Ríkissáttasemjara við Borgartún í Reykjavík laust eftir hádegi í gær til að ræða stöðu mála fyrir viðræðufund Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Deila Flóabandalagsins til sáttasemjara

Sigurður Bessason, formaður samninganefndar Flóabandalagsins, sem að standa Efling, Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur, afhenti í gær Magnúsi Péturssyni ríkissáttasemjara bréf þar sem kjaradeilu félaganna var formlega vísað til embættis sáttasemjara. Á vef Eflingar kemur fram að ástæðan sé fyrst og fremst sú að Samtök atvinnulífsins hafni gerð kjarasamninga, hvort heldur sem er til lengri eða skemmri tíma. Beinar og milliliðalausar viðræður séu komnar í hnút. Sigurður segir Flóabandalagsfélögin hverfa til upprunalegrar kröfugerðar um stuttan samningstíma.






## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**SKIN OG SKÚRIR**
Í kjölfar lægðarinnar sem gengur austur af landi í dag verður bjart um tíma. Vestanlands fyrri hluta dags en um landið austanvert léttir til síðdegis en á sama tíma dregur aftur fyrir sólu vestan til.





**Á MORGUN**
Vaxandi vindur, hvassviðri eða stormur sunnan- og vestanlands.



**FÖSTUDAGUR**
Fremur hægur vindur víðast hvar.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 20° |
| Billund | 16° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 16° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 20° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 24° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 13° |
| París | 20° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*


NJÓTTU ÞESS AÐ VERA AÐ HEIMAN
Fólk er sjaldnast heima hjá sér þegar innbrot á sér stað. Með Heimavörn Securitas er heimilið verndað allan sólarhringinn, allt árið um kring.
Hafðu samband í síma 580 7000 og fáðu heimsókn frá öryggisráðgjafa.
Nánari upplýsingar er einnig að finna á vefsíðu okkar, www.securitas.is.
SECURITAS
HEIMAVÖRN

**KJÖRKASSINN**



*Eiga borgaryfirvöld að taka harðar á vanrækslu húseigenda í miðborginni?*

| | |
|---|---|
| Já | 88,1% |
| Nei | 11,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætlar þú að mæta völlinn og horfa á fótboltaleik í sumar?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Velferðarráðuneytið hafði ekkert með áfangaheimili Ekron að gera:

# Framhald samnings við Ekron óráðið

**SAMFÉLAGSMÁL** „Við erum að endurskoða alla þjónustusamninga ráðuneytisins nú er varða starfsendurhæfingu í landinu, þar á meðal samninginn við Ekron. Engin ákvörðun hefur verið tekin um hvort sá samningur verður framlengdur eða ekki.“

Þetta segir Anna Sigrún Baldursdóttir, aðstoðarmaður Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra, spurð um stöðu þjónustusamnings ráðuneytisins við Ekron, sem rekur starfsþjálfun og endurhæfingu fyrir einstaklinga með skerta vinnufærni sökum afleiðinga áfengis- og vímuefnasýki.

Anna undirstrikar að ráðuneytið hafi ekki haft neitt með áfangaheimili Ekron að gera, því þar hafi einungis verið um búsetuúrræði að ræða, sem hafi verið einkarekið. Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu hefur áfangaheimilinu verið lokað.

Anna segir ráðuneytið hins vegar með samning við Ekron sem varði einungis starfsendurhæfinguna á Grensásvegi, sem sé í fullum gangi. Sá samningur renni út í lok maí.

„Flestir samningar sem ráðuneytið hefur gert um starfsendurhæfingu eru nú til endurskoðunar, enda renna þeir allir út um svipað leyti.“ **-jss**




**EKRON** Áfangaheimilinu hefur verið lokað.



**GULLSTYTTAN** Gullstytta, sem Niyazov forseti lét reisa af sjálfum sér, hefur verið fjarlægð. NORDICPHOTOS/AFP

Túrkmenar losna úr álögum:

## Hætt að prófa úr bók leiðtoga

**TÚRKMENISTAN, AP** Fimm árum eftir að Saparmuran Niyazov, hinn sérstæði leiðtogi Túrkmenistans, lét lífið hafa skólayfirvöld í landinu loks ákveðið að ekki verði lengur lögð fyrir nemendur, sem sækja um inngöngu í framhaldsskóla, próf upp úr bók hans, Bók sálarinnar.

Þess í stað þurfa umsækjendur nú að svara spurningum um tölvunarfræði. Niyazov stjórnaði landinu í nærri tvo áratugi og sá til þess að landsmenn tækju hann nánast í guðatölu. **-gb**

Reglugerð um tannlækningar:

## Ókeypis fyrir börn tekjulágra

**VELFERÐARMÁL** Börn tekjulágra fá ókeypis tannlæknaþjónustu á næstunni. Velferðarráðherra hefur sett reglugerð um tímabundna tannlæknaþjónustu án endurgjalds og tekur Tryggingastofnun ríkisins við umsóknum frá 28. apríl til 1. júní.

Á heimasíðu ráðuneytisins segir að réttur til þjónustunnar sé tengdur tekjum foreldra og fjölda barna á framfæri. Hún er ætluð börnum yngri en 18 ára sem eru sjúkratryggð.

# Ríkið stýri nýtingu og kosti rannsóknir

**Stjórnvöld verða að kosta rannsóknir á jarðvarma til að tryggja að auðlindin sé nýtt á sjálfbæran hátt að mati sérfræðinga. Þeir telja aukna vinnsla jarðvarma á sjálfbæran hátt ásættanlega. Heppilegt sé að byggja virkanirnar upp í þrepum.**

**ORKUMÁL** Ef tryggja á sjálfbæra nýtingu jarðvarma í landinu verður ríkið að tryggja að auðlindastýring sé markviss og skynsamleg og kosta nægilegar rannsóknir svo það sé mögulegt, að því er fram kemur í nýrri skýrslu um sjálfbæra nýtingu jarðvarma.

Skýrslan var unnin af faghópi um sjálfbæra nýtingu jarðvarma, sem skipaður var af Orkustofnun og stjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Í niðurstöðum hópsins kemur fram að hann telji að aukin vinnsla jarðhita á Íslandi sé ásættanleg, svo framarlega sem gætt sé að ýmsum atriðum. Þau atriði má sjá hér til hliðar. Er meðal annars vísað til framkvæmdaáætlunar svokallaðrar Ríó-yfirlýsingar, þar sem fram kemur að iðnaður skuli frekar byggður upp þar sem völ sé á umhverfisvænum orkugjöfum.

Hópurinn leggur í niðurstöðum sínum áherslu á það stjórnsýslulega hlutverk ríkisins að hafa umsjón með því hvernig jarðvarmaauðlindin sé rannsökuð og nýtt. Nægilegar upplýsingar séu forsenda þess að stýring á nýtingu auðlindarinnar sé skynsamleg.

Með því að kosta rannsóknir er líklegra að stjórnvöld öðlist þá yfirsýn sem þarf til að tryggja langtímahagsmuni landsmanna í orkumálum, að því er segir í skýrslunni.

Að mati faghópsins er heppilegt að leyfisveitingar og stjórnun auðlindarannsókna á vegum ríkisins séu á forræði sömu stofnunar. Með því nýtist yfirsýn og fagþekking.

Erfitt getur verið að segja til um nákvæmlega hversu mikla raforku má vinna úr ákveðnu svæði þannig að vinnslan haldist sjálfbær. Ástæðan er sú að vinnslugetan er ekki þekkt við upphaf vinnslu heldur þarf að meta hana samhliða vinnslu, segir í skýrslunni.

Þetta þýðir að heppilegast gæti verið að uppbygging vinnslu færi fram í nokkrum þrepum til að tryggja að ekki væri farið yfir mörk sjálfbærni á hverju svæði fyrir sig.

**brjann@frettabladid.is**



**ORKA** Orkufyrirtæki eiga að tryggja að nýting jarðhita hafi jákvæð samfélagsleg áhrif að mati faghóps um sjálfbæra nýtingu jarðvarma. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Almenningur njóti ávinningsins

Faghópur um sjálfbæra nýtingu jarðhita leggur til lista markmiða sem geta tryggt að nýting jarðvarma sé sjálfbær. Hér eru nokkrar af tillögunum:

- Afrakstur af nýtingu jarðvarma sé hámarkaður og að almenningur njóti hæsta forgangs að orkunni á hóflegu verði, eða njóti ávinnings af henni í formi auðlindagjalds.
- Orkufyrirtæki, ríki og sveitarfélög stuðli að rannsóknum á jarðhitaauðlindinni og þrói áfram tækni sem bæti nýtingu, auki hagkvæmni og dragi úr umhverfisáhrifum.
- Jarðhitaauðlindin verði nýtt á þann hátt að framboð tryggrar orku til húshitunar, raforkuvinnslu og annars sé nægilegt fyrir félagslega og hagræna þróun samfélagsins.
- Umhverfisáhrif sem fylgi nýtingu jarðvarmaauðlindarinnar verði sem minnst.
- Orkuvinnsla jarðvarmavirkjana og hitaveita sé samkeppnishæf við aðra orkugjafa og arðbær. Fjárhagsleg áhætta vegna virkjana sé lágmörkuð og þær séu þjóðhagslega og samfélagslega hagkvæmar.

Ford skilar miklum hagnaði:

## Besta afkoma í þrettán ár

**VIÐSKIPTI** Bandaríski bílaframleiðandinn Ford Motor Company hagnaðist um 2,55 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði 287 milljarða íslenskra króna, á fyrsta fjórðungi ársins. Þetta er 22 prósenta aukning á milli ára og ein besta afkoma fyrirtækisins í þrettán ár.

Aukin sala sparneytinna bíla vestanhafs á kostnað bensínháka skýrir afkomuna að stórum hluta. Tekjur námu 33,1 milljarði dala á tímabilinu. Hinir bílarisarnir, GM og Chrysler, birta uppgjör nær mánaðamótum. **-jab**

Ber helming tjónsins sjálfur:

## Fær bætur fyrir slys í ofsaakstri

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt Tryggingafélagið Vörð til að greiða manni ríflega 7,3 milljónir króna í bætur vegna vélhjólaslyss sem hann lenti í árið 2007. Maðurinn örkumlaðist í slysinu.

Maðurinn ók Breiðholtsbrautina á ofsahraða undan lögreglu ásamt félaga sínum, fyrrverandi formanni Sniglanna. Maðurinn féll í götuna þegar hann ók aftan á bíl í eftirförinni miðri.

Manninum er gert að bera helming tjóns síns sjálfur, enda hafi hann sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með akstri sínum.

Félagi hans hefur í Hæstarétti verið dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir ofsaaksturinn. **-sh**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

**Bílvelta á Miklubraut**

Bíll valt á gatnamótum Miklubrautar og Grensásvegar um klukkan hálf sjö í gærkvöldi. Tveir voru í bílnum og komust þeir út úr bílnum af sjálfsdáðum. Að sögn slökkviliðsins slösuðust þeir lítið sem ekkert.








ÁSBRÚ
Í REYKJANESBÆ
Nánari dagskrá á asbru.is



Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

# Sevilla í vor

## Tvær spennandi ferðir 5. - 8. maí og 6. - 9. maí.

### Einstakt verð

Sevilla er höfuðborg Andalúsíu á Suður-Spáni. Þróttmikil og lifandi borg með sjarmerandi göngugötum, tapas-börum, iðandi mannlífi og flottum verslunum.

**Verð frá 49.900 kr.***

**og 15.000 Vildarpunktar**

Innifalið: Flug fram og til baka með sköttum.

*Verð án Vildarpunkta 59.900 kr.

### Gistimöguleikar

frá 8.650 kr. nóttin

Bjóðum upp á úrval gistimöguleika.

Nóttin frá 8.650 kr. á mann í tvíbýli á Hotel Alcora Sevilla 6. - 9 maí. Fleiri hótel eru einnig í boði. Sjá nánar á www.VITA.is

**Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur.**

Hjá VITA eru veittir 2.500 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins. Auk þess getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um allt að 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum.

Vildarklúbbur



VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA er lífið

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 54691 04/11

# Vilja beita Sýrland refsiaðgerðum

**Öryggissveitir í Sýrlandi halda áfram að ganga hart fram gegn mótmælendum. Evrópuríki fordæma ofbeldi stjórnarinnar gegn almenningi og vilja harðar refsiaðgerðir. Nærri 400 manns taldir hafa látið lífið síðustu vikurnar.**

**SÝRLAND, AP** Evrópuríki vilja beita Sýrland hörðum refsiaðgerðum vegna framgöngu þarlendra stjórnvalda gegn mótmælendum. Byssuskot heyrðust í borginni Deraa í gær, daginn eftir að stjórnin sendi hermenn og skriðdreka til atlögu við mótmælendur þar í borg.

Talið er að hörð viðbrögð sýrlenskra stjórnvalda gegn mótmælendum hafi kostað nærri 400 manns lífið síðustu vikurnar. Engin breyting er sjáanleg þótt stjórnin hafi í síðustu viku samþykkt að aflétta neyðarlögum, sem hafa verið í gildi í landinu áratugum saman.

William Hague, utanríkisráðherra Breta, sagðist vonast til þess að Sameinuðu þjóðirnar, Evrópusambandið og arabaríki gætu staðið saman og sent skýr skilaboð til Assads forseta.

„Þessu kúgunarofbeldi verður að linna,“ sagði Hague í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í gær. „Assad forseti ætti að skipa stjórnvöldum sínum að halda aftur af sér og bregðast við réttmætum kröfum þjóðar sinnar með tafarlausum og ósviknum umbótum, ekki með grimmilegri kúgun.“

Herman van Rompuy, forseti leiðtogaráðs Evrópusambandsins, segir hins vegar að Evrópusambandið geti harla lítið gert til aðstoðar Sýrlendingum í uppreisn þeirra gegn stjórnvöldum. Litlar horfur séu á að ESB fái stuðning til slíks frá Sameinuðu þjóðunum eða arabaríkjum.

Bæði mannréttindasamtök og allmörg ríki vinna nú að því að Sýrland verði ekki aðili að mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna, sem kosið verður í á fundi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna 20. maí næstkomandi.

Nokkur Evrópuríki hafa reynt að fá öryggisráð Sameinuðu þjóðanna til að fordæma ofbeldið sem stjórnvöld hafa beitt mótmælendur. Einnig hafa Bandaríkin lýst andstöðu við að Sýrland verði kosið í mannréttindaráðið.

Þá sendu þrettán mannréttindasamtök í arabaheiminum í gær frá sér yfirlýsingu þar sem þau hvöttu Amr Moussa, leiðtoga Arababandalagsins, til þess að fordæma Sýrland og hvetja arabaríki til að styðja ekki Sýrland í kosningunum í mannréttindaráðið.

Nokkur ríki Evrópusambandsins hafa nú vikum saman, að hluta í samvinnu við Bandaríkin og nokkur arabaríki, stundað hernað gegn Múammar Gaddafí Líbíuleiðtoga til að koma í veg fyrir árásir liðsmanna hans á uppreisnarmenn í landinu, án þess þó að átökum þar hafi linnt. gudsteinn@frettabladid.is



**ÚTFÖR MÓTMÆLANDA** Einn hinna látnu borinn til grafar í Sýrlandi í gær. NORDICPHOTOS/AFP



**GOSIÐ Í HÁMARKI** Flugumferðarstjórar þurftu að hafa sig alla við þegar flug raskaðist af völdum gossins í Eyjafjallajökli. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Flugumferðarstjórar fá verðlaun:

## Allir á vakt í Eyjafjallagosinu

**SAMGÖNGUR** Alþjóðasamtök félagasamtaka flugumferðarstjóra (IFATCA) veittu fyrir hálfum mánuði flugumferðarstjórum á Íslandi æðstu viðurkenningu fyrir framúrskarandi fagmennsku á meðan á gosinu í Eyjafjallajökli stóð í fyrra.

Viðurkenningin er veitt fyrir afrek þar sem einstaklega fagleg vinnubrögð eru viðhöfð. Dagana 6. til 11. maí í fyrra voru allir flugumferðarstjórar á vakt í Reykjavík og sáu þeir um alla flugumferð yfir Atlantshafið. Mest var álagið 11. maí, þegar 1.019 vélar fóru um flugumferðarsvæðið á einum degi. Alla jafna skipta fjórar stöðvar umferðinni á milli sín. - jab

Framsýn á 100 ára afmæli:

## Félagsmenn fá afmælisgjafir

**FÉLAGSMÁL** Félagsmenn í Framsýn stéttarfélagi fá tíu þúsund króna gjöf frá félaginu í tilefni af 100 ára afmæli félagsins. Gjöfina má nota til að greiða ýmsan útlagðan kostnað.

Kostnaður félagsins við þetta eru um 22,5 milljónir króna. Í tilkynningu frá Framsýn segir að góður rekstur félagsins tryggi þessa veglegu gjöf.

Hægt er að nota gjöfina til að greiða fyrir sjúkraþjálfun, gleraugnakaup, heilsueflingu, orlofshús og ýmislegt annað. - bj


Drögum í dag!
Fáðu þér miða á www.hhi.is



5x 1 milljón

MILLJÓNA VELTAN

**10 milljóna** króna vinningur á einn miða. Drögum að auki út **5 stakar milljónir**, aðeins úr seldum miðum.

Drögum 10. maí

Aðalútdráttur hefur aldrei verið glæsilegri.

Vinningshafar eru um 3.000 í hverjum mánuði.



EINN MIÐI TVEIR LEIKIR
í mánuði, fyrir aðeins 1.100 krónur. Tryggðu þér miða á **www.hhi.is**, í síma **800 66 11** eða hjá næsta umboðsmanni.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
VÆNLEGAST TIL VINNINGS

HÁSKÓLI ÍSLANDS 1911-2011

Háskóli Íslands fagnar nú hundrað ára afmæli sínu. Happdrættið er í eigu Háskóla Íslands og öllum hagnaði af rekstri þess hefur frá upphafi verið varið til uppbyggingar hans.

PIPAR\TBWA • SÍA • 111082



Rovaniemi – Reykjavík – Akureyri:

Efling vetrarferðamennsku

**Mánudaginn 2. maí kl. 9:00–11:30 boðar Íslandsstofa til fræðslufundar um vetrarferðamennsku á Radisson Blu Hótel Sögu.**

Aðalfyrirlesari á fundinum er **Sanna Kortelainen**, markaðsstjóri Rovaniemi Tourism. Sanna mun segja frá markaðsstarfi Rovaniemi, höfuðborgar Lapplands, sem er annar vinsælasti ferðamannastaður Finnlands á eftir Helsinki. Þá kynnir **Sif Gunnarsdóttir**, forstöðumaður Höfuðborgarstofu, meðal annars nýja stefnumótun Reykjavíkurborgar í vetrarferðamennsku. Að lokum fjallar **Ásbjörn Björgvinsson**, framkvæmdastjóri markaðsmála á Norðurlandi, um nýjar áherslur í þjónustu við ferðamenn yfir vetrartímann.

Finnar hafa lagt mikla áherslu á markaðsþróun og fræðslustarf og nú er svo komið að fleiri ferðamenn heimsækja Finnland yfir veturinn en á sumrin. Fræðslufundinum er ætlað að fylgja eftir lærdómsríkri heimsókn íslenskra ferðaþjónustuaðila til Finnlands fyrr á árinu og miðla upplýsingum til fyrirtækja í ferðaþjónustu sem hafa áform um þróun þjónustu yfir veturinn.

Skráning á fundinn fer fram í síma **511 4000** eða með tölvupósti, **islandsstofa@islandsstofa.is.**

Nánari upplýsingar veita Brynja Bjarkadóttir, **brynja@islandsstofa.is** og Hermann Ottósson, **hermann@islandsstofa.is.**

ÍSLANDSSTOFA PROMOTE ICELAND

Borgartún 35 | 105 Reykjavík

islandsstofa.is

**Ódýrast!**
www.bensinverd.is
sýnir þér hvar lítrinn
er ódýrastur

# Ofurdagur




# 5 kr.

## afsláttur af lítranum í dag*




Öll Skeljungskort gilda líka á Orkustöðvunum.

ENNEMM / SIA / NM46422

Orkulykillinn opnar þér leið að lægra verði á **67 Orku- og Shellstöðvum** um allt land

Ódýrari, einfaldari og þægilegri eldsneytiskaup með Orkulyklinum. Þú borgar með Orkulyklinum, lækkar eldneytiskostnaðinn og nýtur sérkjara hjá fjöldanum öllum af samstarfsaðilum okkar.

Sæktu um Orkulykilinn í dag á **www.orkan.is**

ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

*Þegar greitt er með Orkulykli, Orkukorti, Afsláttarkorti eða staðgreiðslukorti Skeljungs. Gildir ekki með öðrum tilboðum og afsláttarkjörum.

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**





## Ný öryggishlíf reist utan um kjarnorkuverið

**Utan um kjarnorkuverið í Tsjernobyl er verið að reisa stóra stálhlíf sem á að vera tilbúin árið 2013. Mannvirkið á að kosta 250 milljarða króna og tekur við af hlífðarbyggingu sem reist var í kjölfar versta kjarnorkuslyss sögunnar.**




© Graphic News
Heimildir: WHO, Novarka

### LEIÐRÉTTING

Með frétt í blaðinu í gær, þar sem fjallað var um að liðinn væri aldarfjórðungur frá kjarnorkuslysinu í Tsjernóbyl, átti að birtast þetta myndrit, sem sýnir kjarnorkuverið og öryggisráðstafanir þar. Vegna mistaka í vinnslu er myndritið birt aftur.

Tæplega fertugur ákærður:

## Stal tíu sinnum af reikningi

**DÓMSMÁL** Tæplega fertugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir þjófnað. Meðal annars stal hann tíu sinnum af sama bankareikningi, samtals ríflega 138 þúsund krónum, en hann hafði komist yfir bankakort eiganda reikningsins, svo og leyninúmer.

Manninum er einnig gefið að sök að hafa stolið fatnaði af þvottasnúru í fjölbýlishúsi, þar sem hann tók einnig reiðhjól ófrjálsri hendi og hjólaði á því um nágrennið. **- jss**

Borgarar létu lögreglu vita:

## Kannabisræktun í Flóahreppi

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglunni á Selfossi bárust nýverið upplýsingar frá nokkrum borgurum um að kannabisræktun væri stunduð á bæ í Flóahreppi.

Lögreglumenn fóru á staðinn og höfðu þar samband við þann sem grunaður var. Við leit á bænum fundust sautján fullvaxnar kannabisplöntur og nokkrar smáplöntur. Sá grunaði var handtekinn og játaði við yfirheyrslu að hafa staðið að ræktuninni. **- jss**

### SAMFÉLAGSMÁL

**Gaf fullkomið tæki**

Fyrirtækið Icepharma styrkti Líf, styrktarfélag kvennadeilda Landspítala, með veglegri gjöf. Um er ræða fullkominn stafrænan blóðþrýstingsmæli á standi með súrefnismettunarmæli og eyrnahitamæli. Verðmæti tækisins er um 600.000 krónur.


Hjartamiðstöðin

## Áreynslubundin hjartaöng
## Þátttakendur óskast í lyfjarannsókn

Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna verkun og öryggi Pentalong® hjá sjúklingum með áreynslubundna hjartaöng sem eru jafnframt á meðferð með öðrum lyfjum við hjartaöng í samræmi við núgildandi leiðbeiningar um meðferð. Aðalrannsakandi er Axel F. Sigurðsson, sérfræðingur í lyf- og hjartalækningum. Rannsóknin fer fram á Hjartamiðstöðinni, Holtasmára 1, 201 Kópavogi.

**Hverjir geta tekið þátt?**

- Konur og karlar yfir 18 ára aldri.
- Einstaklingar sem greinst hafa **með kransæðasjúkdóm** og hafa **sögu um áreynslubundna hjartaöng** með einkennum sem teljast í jafnvægi.

**Hvað felur rannsóknin í sér?**

Þátttaka varir í 14 vikur og gert er ráð fyrir 5 heimsóknum á rannsóknarsetur á tímabilinu sem taka 45-90 mín. Í heimsókninni verður m.a. framkvæmt áreynslupróf, læknisskoðun, mældur blóðþrýstingur, tekið hjartalínurit og blóðsýni.

Áhætta af þátttöku felst í mögulegum aukaverkunum af notkun Pentalong®, bæði þekktum og ófyrirséðum. Þó líklegt sé að Pentalong® gagnist flestum sjúklingum með áreynslubundna hjartaöng er ekki öruggt að allir hafir beinan ávinning af þátttöku í rannsókninni. Í þessari rannsókn þarf hluti þátttakenda að hætta sinni núverandi meðferð við hjartaöng en hins vegar má halda áfram að taka ákveðin lyf við hjartaöng auk ákveðinna skjótverkandi lyfja (t.d. nítróglýserín) eftir þörfum.

Ekki verður greitt fyrir þátttöku en læknisskoðun, rannsóknir og eftirlit verður þátttakendum að kostnaðarlausu.

**Frekari upplýsingar**

Ef þú hefur áhuga á að taka þátt, vinsamlegast hafðu samband við Hjartamiðstöðina í síma **840 1564 milli kl. 8.30 og 16.00**.

Þeir sem hafa samband, eru með því einingis að lýsa áhuga á því að fá frekari upplýsingar en ekki að skuldbinda sig til þátttöku.

Rannsóknin hefur fengið leyfi Lyfjastofnunar, Vísindasiðanefndar og Persónuverndar.



Hjólað í vinnuna:

# Skráning hafin

**ÁTAK Árlega átakið „Hjólað í vinnuna“ fer fram dagana 4. til 24. maí og er skráning hafin. Fyrirtæki geta því byrjað að setja saman lið og skrá þau til leiks.**

**Markmið verkefnisins er að vekja athygli á hjólreiðum sem heilsusamlegum, hagkvæmum og umhverfisvænum samgöngumáta. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands hefur staðið að þessu verkefni frá árinu 2003 og fjölgar þátttakendum ár frá ári. Fyrsta árið tóku 45 vinnustaðir þátt en í fyrra voru þeir 551. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.hjoladivinnuna.is**

HB Grandi tekur þátt í European Seafood Exposition í sjöunda sinn:

# Sýningin er mikilvægur hluti af markaðsstarfi

**SJÁVARÚTVEGUR** HB Grandi hyggst taka þátt í sjávarútvegssýningunni European Seafood Exposition (ESE) sem haldin verður í Brussel í Belgíu í maí, samhliða sýningunni Seafood Processing Europe (SPE). HB Grandi hefur tekið þátt í ESE-sýningunni frá árinu 2005 og verður þetta í sjöunda skiptið sem starfsemi og afurðir félagsins verða kynntar á þessum vettvangi.

Búist er við því að gestir frá meira en 150 þjóðlöndum sæki sýningarnar heim. Þær eru jafnan vettvangur alls hins besta og framsæknasta sem sjávarútvegsfyrirtæki heimsins og fyrirtækja sem þjónusta sjávarútveginn hafa upp á að bjóða. Í ár taka rúmlega 700 fyrirtæki þátt í ESE-sýningunni og sýnendur á SPE-sýningunni, sem er vettvangur véla- og tækjaframleiðenda, eru rúmlega 200 talsins frá 22 löndum.

Að sögn Svavars Svavarssonar, markaðsstjóra HB Granda, hefur þátttaka í sýningunni í Brussel verið stór og vaxandi liður í markaðsstarfi félagsins.

„Sjávarútvegssýningin í Brussel er mikilvægasta sýning sinnar tegundar og sú langstærsta sem haldin er í heiminum í dag. Reynsla okkar af þátttöku í ESE-sýningunni er mjög góð og við verðum nú með sjöunda árið í röð,“ segir Svavar, en til marks um áhersluna sem félagið leggur á þessa sýningu má nefna að alls verða fimmtán starfsmenn HB Granda á sýningarbásnum í Brussel. - shá



**GRANDASKIP Í HÖFN** Hluti af markaðsstarfi HB Granda er að sækja stórar sjávarútvegssýningar í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**TÖLVAN KYNNT** Háttsettir stjórnendur frá Sony og Google sviptu hulunni af spjaldtölvunni frá Sony sem áætlað er að komi á markað í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Sony framleiðir spjaldtölvur:

# Kemur seint í kapphlaupið

**TÆKNI Japanska tæknifyrirtækið Sony tilkynnti um helgina að það ætlaði að demba sér í slaginn um spjaldtölvurnar og setja tvær slíkar á markað í haust.**

**Tölvurnar keyra báðar á Android 3,0 (Honeycomb) stýrikerfinu frá Google, geta tengst staðarnetum og styðja bæði þriðju og fjórðu kynslóð farsímatækni. Önnur tölvan er með 5,5 tommu skjá en hin 9,5 tommu skjá. Breska ríkisútvarpið, BBC, hefur eftir sérfræðingum að ekki sé víst að Sony takist að næla sér í stóra sneið af spjaldtölvumarkaðnum þar sem fyrirtækið komi heldur seint til leiks.** - jab

Handtekinn með fíkniefni:

# Var eftirlýstur vegna sekta

**LÖGREGLUMÁL** Fimm ökumenn voru teknir um helgina, fjórir vegna gruns um akstur undir áhrifum áfengis og einn vegna gruns um neyslu fíkniefna. Þá var karlmaður handtekinn vegna vörslu fíkniefna en á daginn kom að sá hinn sami var eftirlýstur vegna vangoldinna sekta og verður honum gert að greiða eina milljón króna eða afplána sextíu og sjö daga fangelsi.

Páskahelgin var að öðru leyti róleg á höfuðborgarsvæðinu. Á Suðurnesjum voru þrír stútar teknir og á Stokkseyri kom upp eldur í tveimur ruslagámum við leikskólann. Höfðu tveir ungir drengir verið að fikta með flugelda. - jma

## ÖRYGGISMÁL

### Gefa reiðhjólahjálma

Eimskipafélagið og Kiwanishreyfingin gefa öllum grunnskólabörnum sem ljúka 1. bekk grunnskóla í vor reiðhjólahjálma klukkan 10 í dag. Verkefnið er árviss viðburður félaganna til að stuðla að umferðaröryggi yngstu hjólreiðamanna landsins.

## DÓMSTÓLAR

### Tveir stálu þurrkara

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur ákært tvo menn um þrítugt fyrir að stela í félagi þurrkara úr þvottahúsi í fjölbýlishúsi við Leirubakka í Reykjavík. Þjófnaðurinn átti sér stað í mars á síðasta ári.




# skoðun

greinar@frettabladid.is

Wikileaks heldur áfram að opinbera leyniskjöl.

# Ógeðfelld vinnubrögð afhjúpuð

SKOÐUN



**Steinunn Stefánsdóttir**
steinunn@frettabladid.is

Meira en 150 saklausir menn frá Afganistan og Pakistan hafa árum saman setið fangelsaðir í fangabúðunum við Guantanamo-flóann á Kúbu án dóms og laga, að því er virðist eingöngu vegna þess að þeir voru fyrir hreina tilviljun staddir á tilteknum stað á tilteknum tíma. Þessir menn eru allt frá kornungum piltum upp í gamalmenni, menn sem aldrei hafa tengst hryðjuverkasamtökum eða komið nálægt hryðjuverkastarfsemi af nokkru tagi.

Þetta kemur fram í leyniskjölum Bandaríkjahers sem birt voru í fjölmiðlum um helgina í gegnum Wikileaks. Skjölin varða flesta fanga sem haldið hefur verið í fangabúðunum við Guantanamo-flóa. Þau eru á áttunda hundrað, skrifuð af yfirmönnum fangelsisins og send yfirstjórn Bandaríkjahers. Í þeim er að finna ítarlegar upplýsingar meðal annars um uppruna og æviferil fanganna, heilsufar og trúarskoðanir ásamt upplýsingum um hversu samvinnuþýðir þeir voru við yfirheyrslur. Af skjölunum má lesa að bandarískir herforingjar hafi komist að þeirri niðurstöðu að engin sjáanleg ástæða sé fyrir því að mikill fjöldi þeirra fanga sem vistaðir hafa verið í Guantanamo hafi verið teknir höndum.

Í skjölunum má einnig sjá mat yfirmanna fangabúðanna á því hvort viðkomandi fangi telst hættulegur eða ekki. Í því mati má finna þversagnir eins og að fangi sem talinn er stórhættulegur á einum tíma er látinn laus fáeinum mánuðum síðar og þá sagður meinlaus með öllu.

Einnig eru tilvik um að þrátt fyrir að staðfest sé í skriflegum skýrslum yfirmanna fangabúðanna að tilteknir fangar séu taldir saklausir með öllu þá hefur tekið marga mánuði að losa þá úr haldi og senda þá til síns heima.

Því hefur lengi verið haldið fram að ástundað sé í Bandaríkjaher að virða mannréttindi að vettugi. Skjölin frá Guantanamo sýna svo ekki verður um villst að sú hefur verið raunin varðandi hundruð fanga sem lokaðir hafa verið inni í fangabúðunum í Guantanamo árum saman.

Eins og við mátti búast hefur Bandaríkjastjórn fordæmt birtingu leyniskjalanna og segir þau ekki gefa rétta mynd af núverandi mati á föngum í Guantanamo. Þar eru þó enn vistaðir 172 fangar sem hafa verið þar í nærri áratug. Af þeim eru 130 taldir hættulegir Bandaríkjamönnum og bandamönnum þeirra en fjórtán eru taldir sérlega mikilvægir, án þess þó að réttað hafi verið yfir þeim. Þá eru eftir 42 fangar sem ekki eru taldir ógna einum eða neinum en sitja þó í fangabúðunum illræmdu sem Obama forseti hét í aðdraganda kjörs síns að yrði lokað.

Og ekki bólar á afsökunarbeiðni frá Bandaríkjastjórn og Bandaríkjaher vegna þeirra ógeðfelldu vinnubragða og brota á mannréttindum sem viðgengist hafa í tengslum við fangelsun og vistun í fangabúðunum við Guantanamo-flóa. Fátt bendir þannig til að sagan geti ekki hæglega endurtekið sig. Það ætti þó aldrei að líðast.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Sjálfbær þróun 2011

Ársfundur Sjálfbærniverkefnis Alcoa og Landsvirkjunar á Austurlandi verður haldinn í

Minjasafninu í Neskaupsstað föstudaginn 13. maí frá kl. 13:00 – 16:30.

Allir áhugasamir um verkefnið og sjálfbæra þróun eru hvattir til að mæta.

Nánari dagskrá og upplýsingar um skráningu er hægt að nálgast á heimasíðu verkefnisins:

www.sjalfbaerni.is

Landsvirkjun ALCOA

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Drepið á

Margir vonuðu að með brotthvarfi þremenninganna staðföstu úr þingliði Vinstri grænna mundi færast smá ró yfir mannskapinn. Krytur yrði lagður til hliðar og allir yrðu vinir – enda væru „óvinirnir“ farnir að dútla eitthvað í sínu eigin horni, smíða þingflokk og hætta við það og ýmislegt á þá leið. Ögmundur Jónasson er hins vegar ekki á þeim buxunum. Páskafríið nýtti hann í að sjóða saman dágóða ádrepu á eigin flokk og hjarðhegðun innan hans. Ögmundur vill ekki vera í hjörð og birti því skrifin á vefsíðu sinni. Engum þyrfti að koma á óvart þótt þau hleyptu fljótlega öllu upp í flokknum á nýjan leik.



### Pravda

Innanríkisráðherrann lýkur skrifum sínum með því að bauna á vefritið Smuguna og líkja því við Prövdu, áróðursrit Sovétríkjanna sálugu. Smugan er meðal annars í eigu flokksins og flokksformannsins. Það er því fast skotið.

### Hjakk

Menn komast lítið áleiðis í kjaraviðræðum. Vilhjálmur Egilsson heldur að hann komist að niðurstöðu ef hann „fer atvinnuleiðina“. Það gengur hins vegar treglega, og það er ekkert skrítið ef marka má hans eigin orð. Hann hefur sagt að það að semja með sjávarútvegsmál í uppnámi sé eins og að leggja upp í langferð (atvinnuleiðina væntanlega) með þrjú hjól undir bílnum. Og ekki batnaði það í tilkynningu frá Samtökum atvinnulífsins í gær. Þá kom í ljós að bíllinn sem á að fara atvinnuleiðina er í handbremsu í þokkabót. Þetta er oft kallað að hjakka í sama farinu.



**stigur@frettabladid.is**

HALLDÓR




# Akureyri og Naustaskóli lífsins

Stjórnmál



**Jón Ármann Steinsson**
forsvarsmaður Hamarsfells

Bæjarstjórn ákveður að byggja skóla og heldur útboð sem er auglýst í heimabyggð og á ensku á EES-svæðinu. Byggingafyrirtæki í Reykjavík og á Akureyri bjóða í verkið og fyrirtæki að sunnan á lægsta boð. Þá hefst reikniferli og bírókratapælingar á bæjarskrifstofunum sem enda með því að fyrirtæki heimamanna fær verkið. Bæjarstjórnin andar léttar og uppvakningur byggðastefnu svífur yfir pollinum…

Hljómar þetta eins og gamla Ísland? Er þetta pólitík venslahagsmuna í smábæ úti á landi? Getum við lært eitthvað nýtt af þessu? Er hér tækifæri til að efla traust almennings á stjórnkerfinu? Eða er komið tilefni til að missa traustið endanlega?

Sá sem átti lægsta tilboð í byggingu Naustaskóla er Hamarsfell ehf. úr Reykjavík. Þar á bæ fannst mönnum eitthvað loðið við atburðarásina og málið fann sér farveg í fjölmiðla. Bæjarstjóri Akureyrar varð fyrir svörum og sagði allt „eðlilegt“ við framvinduna. Vandinn, að hans mati, lá hjá verktakanum fyrir sunnan.

Eðlilegt? Er eðlilegt að bæjarstarfsmenn endurreikni tilboð heimamanna og finni 84 milljón króna samlagningarvillu? Er eðlilegt að bæjarstjórnin setji fyrir sig hvort ársreikningur bjóðanda sé áritaður eða undirritaður af endurskoðanda? Er eðlilegt að Akureyrarbær beri fyrir sig gjaldskilareglur Tollstjóra árið 2011 þegar þær stangast á við lög 24/2010, þ.e. lög sem reglurnar ættu að falla undir?

Lög 24/2010 voru sett eftir hrun þegar 90% byggingafyrirtækja fóru á hausinn. Fyrirtækjum sem lifðu af hrunið bauðst að fresta greiðslu opinberra gjalda og greiða með fimm ára vaxtalausu skuldabréfi. Við þáðum boðið. En annaðhvort hafa hæstvirtir alþingismenn klúðrað lagasetningunni eða starfsmenn Akureyrarbæjar ekki skilið lögin. Varla hafði Alþingi í huga að Tollstjóri myndi skrá sömu upphæð sem „skuld“ í dálk X en „í skilum“ í dálk Y vitandi að enginn sem er í „skuld“ geti unnið fyrir ríki og sveitarfélög?

Eru reglugerðir og verklagsreglur embættismanna æðri en lög? Hérna eru ríki og sveitarfélög í ósamstígum dansi og hjálparmeðul atvinnulífsins því engum til gagns. Opinberir verkkaupar vita um þetta misræmi og skilja hver andi laga 24/2010 er – nema ekki á Akureyri. Að benda á reglugerðarflækjur fyrir sunnan var útleið bæjarins þegar „leiðrétting“ á 84 milljóna króna „samlagningarvillu“ í tilboði heimamanna dugði ekki til.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Foreldrastarf mikilvægasta starfið?

Uppeldismál

Sjöfn Þórðardóttir
formaður Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra



Allar rannsóknir sem gerðar hafa verið á foreldrasamstarfi sýna að samstarf foreldra og skóla hefur alltaf jákvæð áhrif. Ávinningur samstarfs felst m.a. í betri líðan barna í skólanum, meiri áhuga og bættum námsárangri, auknu sjálfstrausti nemenda, betri ástundun og minna brottfalli, jákvæðari viðhorfum foreldra og nemenda til skólans og ekki síst forvarnagildi og samstöðu gegn hópþrýstingi. Samstarf heimila og skóla er verðmæt eign sem við eigum að gæta vel.

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra verða veitt hinn 24. maí nk. í 16. sinn við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu. Með þessari verðlaunaafhendingu vilja Heimili og skóli vekja jákvæða athygli á því gróskumikla starfi sem fram fer í leik,- grunn- og framhaldsskólum landsins og nærumhverfi þeirra. Starf þetta stuðlar að öflugu samstarfi heimila og skóla og samfélagsins. Foreldraverðlaunin eru fastur liður í starfsemi Heimilis og skóla og á vorin ríkir mikil eftirvænting þegar okkur berast tilnefningar um fjölmörg áhugaverð verkefni sem sýna hve gott starf er unnið í skólum landsins og nærsamfélaginu.

Heimili og skóli vilja hvetja sveitarstjórnarmenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana til að gefa starfsfólki sínu svigrúm til að sinna skólagöngu barna sinna og taka þátt í því að vekja athygli á því sem vel er gert. Samtökin vilja hvetja alla til að vinna að fjölskylduvænni starfsmannastefnu og er það allra hagur ef vel tekst til.

Óskað er eftir tilnefningum þar sem vakin er athygli á einstaklingum, sveitarfélögum, fyrirtækjum, félögum eða skólum sem stuðlað hafa að árangursríkum leiðum til að efla samstarf foreldra, kennara og annarra sem koma að uppeldi barna og ungmenna. Einnig þar sem komið hefur verið á jákvæðum hefðum í samstarfi heimila og skóla og unnið að því að brúa bilið á milli foreldra, kennara og nemenda.

Verkefnið sem tilnefnt er verður að hafa skýran tilgang og hafa sýnt fram á varanleika. Sérstök dómnefnd mun velja verkefni til verðlauna sem uppfylla eitt eða fleiri af ofantöldum viðmiðum og eru í samræmi við skilyrðin sem fram hafa komið.

Ég vil hvetja ykkur til að skoða skólasamfélagið ykkar sem og nærsamfélagið og tilnefna þá aðila til foreldraverðlauna árið 2011 sem ykkur finnst hafa lagt þessum málum lið og sem hafa eflt samstarf heimila, skóla og nærsamfélagsins á einhvern hátt. Hægt er að senda inn tilnefningar á rafrænan hátt með því að fara inn á heimasíðu samtakanna www.heimiliogskoli.is og fylla út eyðublað þar. Síðasti skiladagur tilnefninga er 28. apríl.

Í foreldrasamfélaginu er mannauður sem okkur er skylt að virkja og ekki síst í árferði sem þessu. Við þurfum öll að standa saman og standa vörð um lífsgæði barna okkar, stuðla að því að efla fjölskyldugildin og auka gæði samveru fjölskyldunnar. Mikilvægt er að horfa til þeirra tækifæra sem bjóðast í samfélaginu til að styrkja gömlu góðu gildin og leyfa mannauðnum að njóta sín.

# Nýju fjölmiðalögin

Fjölmiðlar

Guðrún Helga Sigurðardóttir
fráfarandi formaður Félags fjölmiðlakvenna



Alþingi Íslendinga hefur samþykkt ný fjölmiðlalög sem kveða á um starfsskilyrði fjölmiðla og fjölmiðlamanna. Þó að mennta- og menningarmálanefnd Alþingis hafi í ýmsu tekið tillit til umsagna hagsmunasamtaka eins og Félags fjölmiðlakvenna valda þessi glænýju fjölmiðlalög samt áhyggjum. Ekki síst er það hugmyndin um fimm manna fjölmiðlanefnd því að þar gætir ákveðinnar tvöfeldni. Nefndin á bæði að standa vörð um tjáningarfrelsi og rétt til upplýsinga og veita aðhald, fylgjast með þróun á fjölmiðlamarkaði og annast eftirlit með innihaldi fjölmiðla, passa upp á að þar sé ekki farið yfir strikið og innheimta sektir fyrir brot. Ekki er gott að sjá hvernig fjölmiðlanefndin getur með góðu móti verið báðum megin við borðið.

„Ekki verður betur séð en að nefndinni sé ætlað nokkurskonar alræðisvald og eftirlitshlutverk með fjölmiðlum og fjölmiðlamönnum,“ segir í umsögn stjórnar FFK sem send var Alþingi í vetur. Þar kemur einnig fram ótti við að svo valdamikil fjölmiðlanefnd hafi hamlandi áhrif á opinbera umræðu og störf fjölmiðlamanna. Þessi orð eru enn í fullu gildi.

Fjölmiðlanefnd verður skipuð tveimur fulltrúum Hæstaréttar, einum frá samstarfsnefnd háskólastigsins og fulltrúa blaðamanna auk þess sem ráðherra skipar formann nefndarinnar og þá dómara eða dómaraígildi. Allt þetta fólk, nema formaður, á að hafa sérþekkingu á fjölmiðlum og/eða menntun sem nýtist á þessu sviði. Einnig starfsmenn nefndarinnar. Rétt er að minna á að dómarar og lögfræðingar fá ekki „sérþekkingu á fjölmiðlamálum“ þó að þeir hafi starfað eitt eða tvö sumur á fjölmiðli á háskóla- eða menntaskólaárunum. Það þarf miklu meira til. Og fræðimenn í háskólasamfélaginu hafa – með fullri virðingu – í fæstum tilvikum starfað sem blaðamenn nema þá rétt í sumarafleysingum. Þeir hafa því oftast aðeins fræðilegan skilning á starfsemi fjölmiðla og starfsskilyrðum blaðamanna.

Heppilegra hefði verið – og í takt við viljann í samfélaginu – að Blaðamannafélag Íslands, Félag fjölmiðlakvenna, Félag fréttamanna og/eða Blaðaljósmyndarafélag Íslands tilnefndu sinn fulltrúa hvert félag á móti einum fulltrúa Hæstaréttar og öðrum fulltrúa samstarfsnefndar háskólastigsins, eins og FFK lagði til í umsögn sinni. Það skiptir nefnilega máli að fagstéttir geti haft og hafi áhrif á sitt eigið starfsumhverfi. Þetta fyrirkomulag hefði styrkt blaðamannastéttina og veitt blaðamönnum – sérfræðingunum sjálfum - forræði yfir sínu eigin fagi og þrouninni í fjölmiðlageiranum.

Ákvarðanir fjölmiðlanefndar verða fullnaðarúrlausnir innan stjórnsýslunnar og því ekki hægt að skjóta ákvörðunum hennar til annarra stjórnvalda þó að hægt verði að höfða mál. Óheppilegt er að blaðamenn og fjölmiðlar, ekkert síður en fólkið í landinu, geti ekki skotið máli sínu til annars stjórnsýslustigs. Það er líka óheppilegt að allir fjölmiðlar í landinu, og þar með öll opinber umræða, skuli heyra beint undir menntamálaráðherra og að formaður nefndarinnar sé skipaður af ráðherra. Reynslan sýnir að í formennskuna velst vinur ráðherrans. Þetta þýðir að það fer alfarið eftir því hvaða einstaklingur situr í embætti menntamálaráðherra hvernig fjölmiðlanefnd fer með vald sitt og hlutverk og hvaða áhrif það hefur á starfsskilyrði fjölmiðla og blaðamanna. Þannig hefur íslenskur veruleiki verið og það er greinilega ekkert að breytast. Þetta er miður og alls ekki í takt við þann lærdóm sem þjóðin og stjórnmálamenn þjóðarinnar ættu að hafa dregið af hruninu.

Íslendingar hafa ekki góða reynslu af stjórnmálamönnum síðustu árin, ekki frekar en af eigendum og stjórnendum fjármálafyrirtækja. Ísland er lítið land þar sem hver einstaklingur getur haft mikil áhrif á þróunina. Það er því slæmt ef fjölmiðlar og blaðamenn verða háðir þeim sem er menntamálaráðherra hverju sinni.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA




Kokka opnaði þann 27. apríl 2001 og nú höldum við upp á 10 skemmtileg ár með afmæliskaffi og ilmandi bakkelsi. Margir af vinsælustu hlutunum frá upphafi verða á sérstöku afmælistilboði og heppinn gestur vinnur afmælispottinn, 50.000 króna Kokku-inneign.

Við hlökkum til að sjá þig!

» Við byrjuðum fyrir tíu árum í smákompu við Ingólfsstræti. Markmiðið var að bjóða Íslendingum það besta í eldhúsið og auðvitað ekki síður að fá að vinna við eigið áhugamál. Hvort tveggja tókst og við þökkum kærlega fyrir 10 frábær ár.

kokka laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**48** **UNNUR STEINSSON** athafnakona er 48 ára.

*„Kannski er ég meiri nagli út á við en inn á við. Ég má ekkert aumt sjá án þess að ég taki það nærri mér.“*



†

**Ingólfur Örn Margeirsson**
Bárugötu 6, Reykjavík,

lést á heimili sínu 15. apríl 2011. Útför verður gerð frá Dómkirkjunni í Reykjavík í dag kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á styrktarreikning Heilaheilla. Upplýsingar má finna á vefsíðunni heilaheill.is

**Jóhanna Jónasdóttir**
**Tiril Theresa Myklebost** **Øyvind Giæver**
**Lilja María Ingólfsdóttir**
**Daníel Örn Ingólfsson**
**Halla Björg Lárusdóttir** **Hjalti Már Þórisson**
**Jónas Margeir Ingólfsson** **Lilja Dögg Jónsdóttir**
**Jóhanna Margrét, Julia, August, Þórir Snær, Helga María, April, Lukas, Marta og Sóley.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Ketilsson**
Smárahlíð 4f, 603 Akureyri,

lést föstudaginn 8. apríl síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.
Þökkum auðsýnda samúð.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Þórdís Tryggvadóttir**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur, bróðir og tengdasonur,*

**Helgi Hannesson**
Laxakvísl 17, Reykjavík,

varð bráðkvaddur að heimili sínu aðfaranótt páskadags. Útför verður tilkynnt síðar.

**Ása Dröfn Björnsdóttir**
**Birgitta Rut Helgadóttir**
**Líf Helgadóttir**
**Darri Helgason**
**Magnea Kristbjörg Andrésdóttir** **Hannes Helgason**
**Guðný Margrét Hannesdóttir**
**Andrés Reynir Hannesson**
**Björn Kristjánsson** **Þuríður Stefánsdóttir**

## ÞETTA GERÐIST: 27. APRÍL ÁRIÐ 1915

## *Gullfoss siglir til New York*

Þennan dag lagði Gullfoss af stað í siglingu til New York og kom til baka mánuði síðar. Þá hafði ekki verið siglt til Ameríku frá Íslandi, á íslensku skipi með íslenskum skipstjóra og íslenskri áhöfn, síðan á dögum Leifs heppna. Gullfoss var fyrsta skip Eimskipafélagsins, smíðað í Kaupmannahöfn, og kom til hafnar í Reykjavík hinn 16. apríl sama ár. Þá fagnaði fjöldi fólks komu skipsins á bæjarbryggjunni. Vegna hættu á árásum þýskra kafbáta hafði danski fáninn verið málaður á hliðar skipsins en til að særa ekki Íslendinga hafði þó verið málað yfir fánann í stuttu stoppi skipsins í Vestmannaeyjum áður en komið var til Reykjavíkur. Árið 1950 var tekið í notkun nýtt farþegaskip, sem einnig hlaut nafnið Gullfoss.

*Heimild: wikipedia.org og Ísland í aldanna rás.*





**ÍÞRÓTT Í SÓKN** Um 1.500 nemendur æfa nú fimleika hjá Fimleikafélaginu Gerplu en félagið var stofnað fyrir fjörutíu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FIMLEIKAFÉLAGIÐ GERPLA: STOFNAÐ FYRIR FJÖRUTÍU ÁRUM

# Fimleikar fallegir á að horfa

Fimleikafélagið Gerpla hóf starfsemi sína fyrir fjörutíu árum í iðnaðarhúsnæði í Kópavogi. Árið 2005 flutti félagið síðan í stærra húsnæði í Versölum 3, en þá hafði starfsemin fyrir löngu sprengt utan af sér húsið. Vinsældir fimleikaíþróttarinnar hafa aukist síðustu ár en um 1.500 nemendur æfa fimleika með Gerplu.

„Gerpla er sigursælasta félagið í fimleikum núna en við eigum alla titla í hópfimleikum á árinu,“ segir Stella Rósenkranz, framkvæmdastjóri Gerplu. Kvennalið Gerplu hampaði einnig Evrópumeistaratitli árið 2010, sem Stella segir hafa gefið íþróttinni byr undir báða vængi.

„Það var stórsigur og vakti áhuga almennings á íþróttinni, enda fimleikar glæsileg íþrótt á að horfa; margir vilja meina að þeir séu ekki síður listform en íþrótt. Hjá okkur æfa á hverjum einasta degi milli þrjú og fjögur hundruð nemendur í húsinu á sama tíma, og æfingarnar standa í tvo til fjóra tíma sex daga vikunnar. Í þessari íþrótt er ekki verið að uppskera strax. Það krefst mikillar þrautseigju og metnaðar að ætla að verða góður í fimleikum,“ segir Stella en algengast er að krakkar byrji að æfa fjögurra til sex ára gamlir. Sérstakir krílahópar eru líka hjá Gerplu þar sem nemendurnir eru þriggja ára.

„Krílahóparnir koma einu sinni í viku og þá sameinum við hreyfingu og leik í æfingum. Þeir sem byrja að æfa fimleika á annað borð æfa árum saman með sama fólkinu svo félagið verður eins og fjölskylda. Margir þjálfaranna eru líka uppalið Gerplufólk. Okkur þykir vænt um hvað hjarta margra slær í takt við starfsemina og þannig náum við árangri. Fimleikar eru einnig góð grunnþjálfun sem iðkandinn býr að alla ævi.“

Hjá Gerplu var sett á fót fimleikadeild fyrir fatlaða árið 1997 og hafa hópar úr þeirri deild tekið þátt í Ólympíuleikum fatlaðra á hverju ári. Hjá Gerplu var einnig stofnað fyrsta karlaliðið í hópfimleikum á Íslandi árið 1993. Liðið var endurvakið árið 2009 og lenti í fjórða sæti á Evrópumótinu á síðasta ári.

„Við reynum að hafa starfið fjölbreytt og hættum aldrei að reyna á framþróun greinarinnar,“ segir Stella. „Síðasta sumar fór meistaraflokkur, bæði kvenna og karla í hópfimleikum, hringinn í kringum landið í kynningarferð og setti upp vinnubúðir og sýningar. Það tókst svo vel að við ætlum aftur næsta sumar. Við höldum svo upp á afmælið á vorsýningunni 4. og 5. júní, þar sem öllu okkar besta verður teflt fram.“ **heida@frettabladid.is**



†

*Maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Hafsteinn Bjarnason**
verkfræðingur, Látraströnd 3, Seltjarnarnesi,

lést á Sólvangi í Hafnarfirði þriðjudaginn 19. apríl. Útför fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 3. maí kl. 13.00.

**Magnea Rósa Tómasdóttir**
**Sigríður Erla Gunnarsdóttir** **Áslaug María Gunnarsdóttir**
**Darri Gunnarsson** **Inga Gottskálksdóttir**
**Ívar Karl, Ægir Sindri, Óðinn Dagur, Iða Brá, Harpa Lind, Birta Hrund, Gunnar Dagur, Rósa Líf, Hilda Sól og Gottskálk Darri.**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Marteinn Friðriksson**
Naustahlein 26, Garðabæ,

lést á heimili sínu mánudaginn 18. apríl. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ föstudaginn 29. apríl kl. 15.00.

**Sveinn Bjarman** **Eva Bjarman**
**Friðrik Marteinsson** **Ólöf Bragadóttir**
**Guðbjörg Marteinsdóttir** **Helgi Baldursson**
**Sigurður Marteinsson** **Guðrún Árnadóttir**
**Ragnar Marteinsson** **Sigríður Anna Guðjónsdóttir**
**Sigríður Marteinsdóttir**
**og fjölskyldan.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Kristín Ísfeld,**
Núpasíðu 8a, Akureyri,

lést föstudaginn 22. apríl. Útförin fer fram frá Glerárkirkju föstudaginn 29. apríl kl. 13.30.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Einar Bjarki Sigurjónsson**
**Fríða Björk Einarsdóttir**
**Kristján Logi Einarsson**
**Sigurjón Már Einarsson** **Eva Magnúsdóttir**
**Fjölnir Sigurjónsson**



**Fornbílaklúbbur Íslands** fer í sína fyrstu formlegu ferð í sumar klukkan 20 í kvöld. Lagt verður af stað frá Suðurlandsbraut 14 og ekið austur Suðurlandsbraut, inn á Grensásveg og þaðan vestur Miklubraut og Hringbraut. Ferðinni lýkur í Vesturbænum. Eigendur rússneskra bíla eru sérstaklega boðnir velkomnir.




**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473



**KAUPMANNAHÖFN - LA VILLA**
Guesthouse á besta stað í bænum.Stúdíóíbúðir og herbergi. Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. GSM. 0045 2848 8905

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

praxis
...þegar þú vilt þægindi
Verð 6.500 kr.
Opið mán. – föst. kl. 11–17
lau. kl. 11–14
Verð 9.500 kr.
Litir: svart ,hvítt .blá/grátt
**Bonito ehf. Praxis,**
**Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 - www.praxis.is**

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRA SKÚBB
Meiri Vísir.
vísir


**Verkfræðinemar úr HÍ vinna að gerð rafbíls sem þeir ætla með í alþjóðlega kappaksturskeppni.**



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Í alþjóðlegan kappakstur á eigin sérsmíðuðum bíl

Keppnin verður í júlí þannig að bíllinn verður að vera fullgerður þá," segir Arnar Lárusson, nemi í vélaverkfræði við Háskóla Íslands. Hann er ásamt Einari Hreinssyni og fleiri félögum að búa til rafbíl til að fara með í hina árlegu Formula Student-kappaksturskeppni. Það verður fyrsta tilraun Íslendinga á þeim vettvangi en nokkrir fulltrúar Háskóla Íslands mættu samt í keppnina í fyrra, þeirra á meðal Arnar, sem einnig er að glíma við BS-próf í vor.

Grindin á bílinn sem íslensku verkfræðinemarnir ætla að keppa á í sumar er orðin til í Álheimum í Garðabæ. Önnur hönnun er einnig að baki. „Verkefnið liggur allt í smíðateikningum og svo er eftir að henda þeim í framkvæmd," útskýrir Arnar. „Yfirbygging bílsins verður úr trefjaplasti. Mótið af henni verður gert í O.K. Prosthetics, fyrirtæki Össurar Kristinssonar, og svo látum við smíða mikið fyrir okkur í Marel og Agli."

Arnari og félögum finnst spennandi að sjá eitthvað fara frá hugmynd yfir á blað og þaðan í eitthvað áþreifanlegt. „Við lærum mikið í bókum og erum góðir að reikna en þegar kemur að því að hanna hluti sem eiga að virka og að láta fjölda kerfa starfa saman er ekki nóg að geta reiknað á blaði," segir Arnar. „Okkur vantar verklega þekkingu en það er mjög skemmtilegt hversu fúsir fagmenn eru að pæla í hlutunum með okkur og hjálpa okkur. Á því byggist velgengni verkefnisins." Formula Student-keppnin byrjaði í Bandaríkjunum á áttunda áratugnum en hefur þróast út í að verða alþjóðleg. Hún er haldin í Englandi núna, annað árið í röð, því í fyrra var hún á Silverstone-kappakstursbrautinni í nágrenni London. Þar voru á þriðja þúsund verk- og tæknifræðinemar frá 23 löndum með kappakstursbíla úr eigin smiðjum.

*gun@frettabladid.is*


15%
VERÐLÆKKUN Á
15% AFSLÁTTUR
UMFELGUN OG SMURVINNU
15% AFSLÁTTUR
af fólksbíla- og jeppadekkjum
Bílkó á BETRA VERÐI í allt sumar!
BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins
Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110
GRAFIKER



**Hvalfjarðargöng** voru lokuð vegna viðhalds í nótt og verða sömuleiðis lokuð aðfaranótt fimmtudagsins 28. apríl og föstudagsins 29. apríl frá klukkan 24.00 til klukkan 6.00 að morgni.




Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli


Sendiráð Íslands í Kína og Íslandsstofa hafa gert með sér samkomulag um að efla kynningarstarf á íslenskri ferðaþjónustu í Kína í ár. Fyrst um sinn verður ráðist í að uppfæra kínverska heimasíðu og að hanna og prenta bækling á kínversku.

**Heimild: www.saf.is**






## REYNSLUAKSTUR



Volvo V60 er alveg ný týpa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kröftugur þægindabíll

**Volvo V60 D3 hefur margt að bjóða. Fyrir utan gott geymslurými, öryggi og þægindi, leynist undir vélarhlífinni geysimikill kraftur sem gaman er að njóta. V60 er sannur flugeldur fyrir fjölskyldur.**

Volvo er ímynd örugga fjölskyldubílsins og hinn nýi V60 skutbíll stendur sannarlega undir þeim titli. Í sjálfu sér kemur það ekki á óvart, en hins vegar eru aðrir eiginleikar bílsins óvæntur glaðningur.

Reynsluekinn var Volvo V60 D3 sjálfskiptur með tveggja lítra turbo-dísilvél, framhjóladrifinn. Hestöflin eru 163 en virka margfalt fleiri vegna hins mikla togs, 400 Nm, sem gerir Volvoinn einn þann viðbragðsfljótasta á ljósunum. Það er frábær tilfinning að þrýstast aftur í leðursætið þegar pinninn er kitlaður örlítið.

Innviðir eru hannaðir með þægindi í huga, áferðarfallegir en samt svo praktískir, eins og við má búast af Svíunum. Volvoinn er ákaflega hljóðlátur sem gerir aksturinn mjög ánægjulegan og gefur manni gott tóm til að hlusta á fínar græjur bílsins og til að fylgjast með aksturstölvunni sem er æði ítarleg en þar má stilla allt milli himins og jarðar. Loftkælingin er tölvustýrð með hitastýringu og lofthreinsikerfi.

Aksturseiginleikar V60 eru frábærir. Hann er léttur í stýri, með



Fallega hannað innviði er í V60.

hæfilega stífri fjöðrun og áðurnefndum vélarkrafti. Vert er að nefna hraðastillinn sem er sérlega sniðugur. Hægt er að stilla fjarlægð í næsta bíl þannig að bíllinn hægir á sér ef næsti bíll á undan gerir það.

Ekki er hægt að skrifa dóm um Volvo nema minnast sérstaklega á öryggið sem er einkenni tegundarinnar. V60 er búinn borgaröryggi (city safety) sem dregur úr líkum á aftanákeyrslu. Í bílnum eru átta loftpúðar og nálægðarskynjarar að aftan.

Í heildina má segja að Volvo V60 sé kröftugur þægindabíll sem hentar vel fjölskyldum með mikinn farangur.

*solveig@frettabladid.is*

**Volvo V60 D3**

- Vél: 2,0 lítrar Turbo dísil
- Skipting: sjálfskiptur Powershift 6 gíra
- Hestöfl: 163
- Tog: 400 Nm
- Eyðsla, bl. akstur: 6,1 l/100 km
- 0-100 km/klst: 9,2 sek.
- Hámarkshraði: 215 km/klst.
- Koltvísýringur: 162 g/km
- Farangursrými: 430 l til 1.241 l
- Verð: 7.590.000 krónur
- Plús: Kraftmikill með frábært viðbragð. Gott rými. Lítil eyðsla miðað við stærð bílsins.
- Mínus: Varla hægt að finna nokkuð að bílnum.


**Tíu daga innri Vorhreinsun**

**Maður Lifandi í samvinnu við Lindu Pétursdóttur**



Vorið er handan við hornið og það kallar á að koma þér úr vetrarhýðinu með því að byrja með eitthvað nýtt og bjart, borða ferskt og líta frísklega út. **Ef þú upplifir eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum:**

- Orkuleysi og höfuðverk?
- Löngun í sykur eða koffín?
- Óhollt mataræði og ofþyngd?
- Verki í liðum?
- Færð oft í kvef eða aðrar umgangspestir?

**Þá er tími til kominn að heilsa vorinu með tíu daga innri vorhreinsun með Lindu.**

**Forskráning stendur yfir núna**

Með því að skrá sig fyrir 1. maí kostar námskeiðið aðeins **12.900 kr.** eða **17.300 kr.** með matreiðslunámskeiði. Námskeiðið byrjar 18. maí kl. 19:30 til 21:00 í fræðslusal Maður Lifandi

**Skráning á:** madurlifandi@madurlifandi.is eða síma 585 8701
**Nánari upplýsingar:** www.madurlifandi.is

maður lifandi
www.madurlifandi.is

Borgartúni 24
105 Reykjavík
Sími: 585 8700

Hæðarsmára 6
201 Kópavogur
Sími: 585 8710

Hafnarborg
220 Hafnarfirði
Sími: 585 8720



# SÖGULEG SÝNING Í KRINGLUNNI

Rifjaðu upp stórviðburði síðustu 10 ára eins og þeir birtust í Fréttablaðinu á afmælissýningunni sem sett hefur verið upp í Kringlunni. Komdu og upplifðu söguna aftur með mögnuðum myndum og eftirminnilegum forsíðum úr 10 ára sögu Fréttablaðsins.



10 ÁRA
2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
FRÉTTABLAÐIÐ

*Samkvæmt Prentmiðlakönnun Capacent Gallup, jan.-mars 2011


Slysavarnafélagið Landsbjörg opnaði nýlega endurbættan vef í samvinnu við ýmsa aðila innan ferðaþjónustunnar. Þar er að finna gagnlegar upplýsingar til að tryggja örugg ferðalög á Íslandi. Má þar nefna útbúnaðarlista fyrir ýmsar tegundir ferða og sprungukort fyrir jökla.

**Heimild: www.safetravel.is**


Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

# heilsa

MIÐVIKUDAGUR 27. APRÍL 2011

## Minna af grænmeti og kexi

**Breytingar urðu á fæðuvenjum Íslendinga eftir efnahagshrunið.**

BLS 4






FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# Sif sækir í sig veðrið

Velta Sif Cosmetics, dótturfyrirtækis ORF Líftækni hf., er nú tíu sinnum meiri en í fyrra. Framkvæmdastjórinn Björn Lárus Örvar þakkar það góðri sölu á fyrstu framleiðsluvöru fyrirtækisins, EGF BIOeffect húðdropum sem voru settir á markað fyrir tæpu ári.

„Varan hefur frá því í fyrra verið fáanleg víðs vegar um heim og viðbrögðin eru alls staðar á einn veg, mjög jákvæð,“ segir Björn um húðdropana, sem innihalda frumuvaka sem hvetja til náttúrulegrar endurnýjunar húðarinnar.

Hann vísar þar í jákvæðar umsagnir sem hafa birst í erlendum fjölmiðlum og þykist viss um að þær hafi ýtt undir eftirspurn á dropunum. „Notendum og söluaðilum fjölgar stöðugt um allan heim. Síðast gerðum við samning við flugfélagið KLM og fleiri eru í augsýn.“

Í bígerð eru breytingar á starfsemi fyrirtækisins til að anna stóraukinni eftirspurn. „Við erum að skoða hvernig hægt verður að stækka það næstu mánuðina til að bæta afkastagetu og reiknum með að fjölga starfsfólki,“ útskýrir Björn.



**Til stendur að bæta afkastagetu Sif Cosmetics til að anna aukinni eftirspurn eftir framleiðslu fyrirtækisins.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hann segir góðar viðtökur hafa leitt til þess að fyrirtækið ætli jafnframt að setja fleiri vörur á markað í ár. „Ein er ný útgáfa af dropunum sem á að sporna enn frekar gegn hrukkum og önnur er sérsniðnir húðdropar fyrir heitara og rakara loftslag. Gangi allt að óskum hefjum við sölu á þeim í maí og í júlí eða ágúst.“ *- rve*

**● ÓRÉTTLÆTI Á ÍSLANDI** Upplifun Íslendinga á ójöfnuði, tækifærum og spillingu á krepputímum er umfjöllunarefni málþings sem fram fer í Háskóla Íslands í dag. Málþingið er á vegum Félagsfræðingafélags Íslands og Félags- og mannvísindadeildar HÍ. Þar kynna Jón Gunnar Bernburg og Sigrún Ólafsdóttir niðurstöður úr könnun á upplifun Íslendinga á ójöfnuði, tækifærum og réttlæti í samfélaginu. Auk þess að skoða upplifun fólks á þessum málefnum verður fjallað um hvernig upplifun einstaklinga á ójöfnuði og ójafnrétti tengist líðan og heilsu þeirra. Um er að ræða viðtalskönnun sem framkvæmd var kreppuveturinn 2009-2010.

Málþingið verður frá 12 til 14 í dag og fer fram í stofu 101 í Odda.




**● EITT LÍF FYRIR BÖRN YFIR KJÖRÞYNGD** Heilsuakademían mun í sumar bjóða upp á námskeiðið Eitt líf, lífsstílsnámskeið fyrir börn á aldrinum níu til þrettán ára sem eru yfir kjörþyngd. Námskeiðin henta þeim sem hafa ekki fundið sig í almennum hóp- eða einstaklingsíþróttum en vilja hins vegar stunda líkamsrækt utan skóla og skemmta sér með jafningjum, að því er segir á heimasíðu Heilsuakademíunnar.

Námskeiðið verður í umsjá íþróttafræðings sem sér um hreyfiþáttinn og hjúkrunarfræðings sem sér um ráðgjöf og fræðslu þátttakenda námskeiðsins og foreldra þeirra.

Námskeiðið felur í sér þjálfun í sex vikur þar sem auk líkamsræktar verður veitt ráðgjöf um rétt fæðuval og boðið upp á stuttar gönguferðir fyrir þátttakendur og fjölskyldu þeirra. Hægt er að nota Frístundakort ÍTR fyrir námskeiðið.





**Halldór segir nálægðina við náttúruna óviðjafnanlega.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Styrkir hjarta og lungu

**Halldór Sveinbjörnsson hefur lagt stund á kajakróður í fjölmörg ár og á sinn þátt í því að íþróttin er jafn vinsæl á Ísafirði og raun ber vitni.**

Ísafjörður er án efa mekka kajakíþróttarinnar á Íslandi. Þar er bátafjöldinn í kringum 120 en auk þess eru kajakleigur víðar á Vestfjörðum. Bátaflotinn á Ísafirði er sem stendur hýstur í sextíu fermetra skemmu en unnið er að því að stækka aðstöðuna að minnsta kosti fjórfalt. Markmiðið er að úr verði sjósport- og jafnvel útivistarmiðstöð Íslands enda möguleikar til útivistar, veiðimennsku og hvers kyns íþróttaiðkunar óþrjótandi á staðnum. „Hér horfa allir í átt að ferðamennskunni en við getum boðið upp á kajakróður, seglbátasiglingar, köfun, sjóstangveiði, hestaferðir, skíðaferðir og fjölmargt fleira,“ segir Halldór Sveinbjörnsson, útgefandi og kajakfrömuður.

En hvernig kom það til að kajakíþróttin náði slíkri fótfestu í bænum? „Hingað komu félagar frá ferðafyrirtækinu Intima Thule í Reykjavík fyrir tuttugu árum. Þeir voru að hasla sér völl á kajakmarkaðinum og höfðu tengsl við bæinn. Ég var einn þeirra sem tóku fyrstir bát á leigu. Ég fór í tuttugu mínútna túr með átta ára syni mínum í tveggja manna bát og þegar ég kom í land tók ég ákvörðun um að kaupa bátinn,“ segir Halldór, sem valdi tveggja manna bát til að geta boðið öðrum far og freistað þess að smita þá af bakteríunni. „Við stunduðum þetta nokkrir fyrstu árin en það var ekki fyrr en sjö árum seinna sem sprengjan varð. Þá kom John F. Kennedy yngri heitinn til landsins ásamt félögum sínum og fór í viku kajakferð um Jökulfirði og Ísafjarðardjúp. Myndir af þeim birtust úti um allan heim og við það varð að mínu viti vendipunktur enda varð mönnum ljóst að það væru ekki bara furðufuglar sem stunduðu kajakróður.“

En hvað fær fólk út úr því að róa kajak? „Samkvæmt grein sem ég las í Lifandi vísindum um árið gefur kajakróður sterkustu lungun og sterkasta hjartað. Gönguskíðaiðkun kemur þar á eftir. Þá hef ég aldrei náð að slasa mig á kajak en hefur tekist það í flestum öðrum íþróttagreinum. En síðan er það auðvitað nálægðin við náttúruna og dýralífið sem heillar.“

Halldór á von á mikilli ásókn í kajakana í sumar en auk þess opnar grænlensk-íslenska fyrirtækið Greenland Kayaks kajaksmíðaverkstæði á Ísafirði í sumar. „Við eigum von á því að þeir verði lyftistöng fyrir svæðið og gefi nokkur störf.“ - ve



**Halldór í veltuæfingum á upprunalegum grænlenskum kajak. Báturinn var sérsmíðaður á Grænlandi og er fyrirmynd þeirra báta sem byrjað verður að smíða á Ísafirði í sumar.**

Léttur ferskleiki í sumar!




**Andlitsbað með apríkósumaska og fótsnyrting með nuddi og naglalakki**
**Frábært verð: 9.900 kr.**

**Victoria Salon & Spa** **Laugavegi 178** **Sími: 611-5500**

**● JÓGANÁMSKEIÐ Í SÆNSKU SMÁLÖNDUNUM** Scandinavian Yoga and Meditation School býður upp á námskeið í jóga og hugleiðslu allan ársins hring á jógasetrinu Håå í Suður-Svíþjóð. Hægt er að velja um helgarnámskeið, tíu og fjórtán daga námskeið, námskeið sem standa í einn eða þrjá mánuði eða viðamikið jógakennaranám, sem stendur í fjögur ár.

Skólinn er í smálensku sveitasælunni, umlukinn skógi, ökrum og vatni, og þangað er aðeins tveggja tíma lestarferð frá Kaupmannahöfn.

Þar stundar fólk jóga, öndunaræfingar, djúpslökun og hugleiðslu við ákjósanlegustu aðstæður. Námskeið eru í boði jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna og kennt er á ensku.




Boot cAmp
SUMARTILBOÐ BOOT CAMP
9. MAÍ - 10. SEPT. 35.000KR.
Hið árlega sumartilboð Boot Camp er handan við hornið! Þú nýtur sumarsins til hins ýtrasta á sama tíma og þú kemur þér í dúndurform. Þú tekur fjölbreyttar æfingar, jafnt innan dyra sem utan og þú upplifir aldrei sömu æfinguna tvisvar. Sýndu hvað í þér býr!
Upplýsingar og skráning á www.bootcamp.is
Boot cAmp
Suðurlandsbraut 6b | bootcamp@bootcamp.is | Sími: 517 6070




3ja mánaða sumarkort
**29.900 kr.**

Árskort með aðgangi að þjálfurum
**9.900 kr. á mánuði**

Árskort með aðgangi að þjálfurum og heilsulind
**15.900 kr. á mánuði**

Með öllum árskortum fylgir 3ja mánaða sumarkort fyrir félaga þinn. Sumarkortið gildir frá 1. júní til 31. ágúst. Með aðgangi að heilsulind fylgir frítt herðanudd eftir hverja æfingu.

Tilboðin gilda til 15. maí

Við höfum mikla reynslu í að hjálpa fólki að ná markmiðum sínum.

Hafðu samband!

GrandSpa

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Rvk
Sími 578 8200 | www.grandspa.is





„Mikilvægt er að skoða hvaða hópar hafa breytt sínu mataræði og það höfum við ekki gert ennþá. Það er til dæmis alvarlegt ef ákveðinn hópur fólks hefur hreinlega ekki efni á því að kaupa hollan mat eins og grænmeti og ávexti," segir Laufey Steingrímsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Mataræði Íslendinga eftir efnahagshrun

**Breytingar urðu á fæðuvenjum Íslendinga eftir hrun. Neysla á óhollari matvælum, svo sem kexi og skyndibita, minnkaði en einnig dagleg neysla á grænmeti og ávöxtum.**



Íslendingar borða sjaldnar skyndibita og kex eftir efnahagshrun.

„Það er engin spurning að það urðu breytingar á fæðuvenjum eftir efnahagshrunið. Neysla á grænmeti og ávöxtum minnkaði til dæmis en einnig neysla á skyndibitum, kexi og sælgæti, þannig að breytingarnar urðu alls ekki allar í óhollustuátt," segir Laufey Steingrímsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands.

Ásamt sérfræðingum Lýðheilsustöðvar, Hólmfríði Þorgeirsdóttur og Stefáni Hrafni Jónssyni, skoðaði Laufey breytingar á fæðuvenjum Íslendinga eftir bankahrunið árið 2008 en þar studdust þau við gögn úr rannsókn Lýðheilsustöðvar sem bar yfirskriftina Heilsa og líðan Íslendinga. Auk þess voru skoðaðar sölutölur matvæla sem Lýðheilsustöð hefur tekið saman í gegnum árin.

### RANNSÓKN GERÐ 2007 OG 2009

„Rannsóknin Heilsa og líðan Íslendinga var stór og mikil þar sem tæplega 6.000 manns svöruðu spurningum árið 2007 um allt mögulegt er tengist heilsu og líðan, þar á meðal um matarvenjur. Eftir bankahrunið fékkst leyfi til að hafa samband aftur við sama hóp og náðist í nálægt 4.000 af fyrri þátttakendum. Rannsóknin var því gerð í október 2007 og svo endurtekin í október 2009 og gefur því nokkrar vísbendingar um þær breytingar sem urðu á nokkrum þáttum í neysluvenjum þjóðarinnar á þessum tíma," segir Laufey. Hún bendir þó á að þessi misserin standi yfir ítarleg rannsókn á matarvenjum þjóðarinnar og niðurstöður úr þeirri rannsókn muni líklega birtast í lok árs.

„Þótt rannsóknin Heilsa og líðan Íslendinga gefi ekki nákvæmar upplýsingar um mataræðið kemur berlega í ljós að það urðu breytingar, enda ber niðurstöðum okkar saman við sölutölur, til dæmis hvað varðar grænmeti og mjólk. Mikilvægt er að skoða hvaða hópar hafa breytt sínu mataræði og það höfum við ekki gert ennþá. Það er til dæmis alvarlegt ef ákveðinn hópur fólks hefur hreinlega ekki efni á því að kaupa hollan mat eins og grænmeti og ávexti. Verið getur að yfir það heila hafi fólk almennt breytt innkaupum, kaupi minna af matvælum sem hafa hækkað hvað mest í verði eða teljast síður til nauðsynja, eins og skyndibitar eða sætindi. Þá getur þetta verið spurning um forgangsröðun."



### MINNI ÁRSNEYSLA

Samkvæmt könnun Lýðheilsustöðvar borðaði fólk sjaldnar grænmeti árið 2009 en það hafði gert árið 2007. Þá keypti það sér sjaldnar skyndibita, sælgæti og kex og neysla mjólkur dróst saman. „Það kemur ekki á óvart að mjólkurneysla dragist saman, sú þróun hefur verið í gangi í mörg ár og hún heldur einfaldlega áfram eftir bankahrun. Að neysla á grænmeti og ávöxtum sé minni er hins vegar algjör viðsnúningur við fyrri þróun því síðustu áratugi höfum við fylgst með hvernig salan hefur aukist ár frá ári."

Samkvæmt sölutölum var neysla á ferskum ávöxtum og berjum um 40 kíló á mann árið 2000 en var orðin 66 kíló árið 2007. Aðeins ári síðar var hún farin niður í 60 kíló, sem er mikill samdráttur á stuttum tíma. Ferska grænmetið tók líka snögga dýfu í þessum sömu tölum. Árið 2000 var kílóneysla á mann á ári um 35. Árið 2007 var hún orðin tæplega 47 kíló en ári síðar, árið 2008, var hún dottin niður í rúmlega 44 kíló.

„Það verður mjög áhugavert að sjá niðurstöðurnar úr þeirri stóru mataræðisrannsókn sem Lýðheilsustöð stendur fyrir um þessar mundir ásamt Matvælastofnun og Rannsóknastofu í næringarfræði við HÍ, meðal annars með hliðsjón af þeim nýja veruleika sem við búum við eftir bankahrunið." -jma




# ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI

## Má bjóða ykkur meiri Vísi?




Meira úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í topp-upplausn með greiðara og einfaldara aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.

Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir

„Að laða til sín það góða“

Fræðslunámskeið í Heilsuborg
28. apríl frá kl. 19.30– 22.00

Léttur og kraftmikill fyrirlestur þar sem þátttakendur fá í „nesti“ – „tæki og tól“ til að halda út í framtíðina bjartsýnir og upplitsdjarfir og laða að sér hamingjudaga.



*Sirrý er félags- og fjölmiðlafræðingurog hefur áralanga og farsæla reynslu af námskeiðahaldi í samskiptafærni*

- Fyrirlestur, happdrættisvinningar og heilsusmakk!
- Frjáls aðgangur að heilsurækt Heilsuborgar í eina viku
- Verð aðeins kr. 1.950.-
(20% afsl. fyrir korthafa Heilsuborgar)

Skráning í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

Kaffitár

HEILSUBORG
Faxafeni 14 www.heilsuborg.is

Viltu dansa?

Nýtt! ZUMBA Fitness

Ný Zumba námskeið hefjast í vikunni

Löggiltir og þrautreyndir Zumba kennarar

Ókeypis prufutími fyrir byrjendur í Salsa alla fimmtudaga kl. 20:00 á Thorvaldsen.

Þú þarft ekki að koma með dansfélaga!

SalsaIceland býður spennandi sumardagskrá.

salsaiceland
– eini sérhæfði salsadansskólinn á Íslandi

www.salsaiceland.is Grensásvegi 12a 108 Reykjavík sími 511 2422

NINGS
Suðurlandsbraut 6
NINGS
Stórhöfða 17 við Gullinbrú
NINGS
Hlíðasmára 12 Kópavogi
Sími 588 9899
www.nings.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir.
vísir



Ástbjörg Gunnarsdóttir íþróttakennari með annan hópinn sinn í World Class. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Áhuginn ekkert minni en fyrir fimmtíu árum

**Ástbjörg Gunnarsdóttir íþróttakennari hefur kennt leikfimi í rúm fimmtíu ár og enginn bilbugur er á henni þótt hún sé komin á níræðisaldur.**

„Þetta er fimmtugasta og annað árið sem ég er með það sem ég kalla hressingarleikfimi,“ segir Ástbjörg Gunnarsdóttir íþróttakennari, sem er með tvo kvennahópa í leikfimi í World Class. „Sumar kvennanna hafa elt mig allan tímann, aðrar skemur, en meirihlutinn hefur verið hjá mér í þrjátíu til fjörutíu ár.“ Yngstu konurnar í hópnum eru 64 ára og þær elstu 87 ára. Ástbjörg sjálf er 81 árs og segist ekkert vera farin að slaka á í leikfiminni. „Það geri ég ekki á meðan ég hef heilsu og áhuga. Hann er ekkert minni en hann var fyrir fimmtíu árum og á meðan þær nenna að elta mig held ég áfram.“

Ástbjörg útskrifaðist frá Íþróttakennaraskóla Íslands árið 1949 og hefur síðan sótt fjölmörg námskeið til að halda sér við efnið, bæði innan- og utanlands. „Svo hef ég farið með hópinn í átta sýningarferðir til útlanda,“ segir hún. „Við höfum farið þrisvar til Svíþjóðar, til Danmerkur, Hollands og Kanaríeyja. Það var líka gerð um hópinn kvikmynd fyrir nokkrum árum sem heitir Allar mættar. María Guðmundsdóttir var frumkvöðullinn að því, en Prófílm var framleiðandi.“

Á tímabili var Ástbjörg með sjö leikfimihópa en er nú með tvo; í World Class á Seltjarnarnesi og í Laugum. „Ég er búin að trappa mig niður,“ segir hún hlæjandi. „Og segi stundum í gríni að sennilega endi ég á byrjunarreit með einn hóp, en það er ekkert komið að því ennþá, enda má segja að þetta sé fjöreggið mitt.“

Hún segist ekki í nokkrum vafa um það að regluleg líkamsrækt skipti mjög miklu máli þegar aldurinn færist yfir. „Sumar kenningar segja að það lengi lífið um sjö ár að stunda líkamsrækt en ég er nú ekki búin að kyngja því. Hins vegar finnst mér alveg hægt að staðhæfa að okkur líður betur á meðan við lifum ef við stundum líkamsrækt, alveg sama hvort árin verða fleiri eða færri.“ *- fsb*

# Ný íþrótt á Íslandi

Alþjóðlegar æfingabúðir í fitkid verða haldnar á Íslandi í fyrsta sinn nú um helgina. Þar munu fimmtíu iðkendur frá þremur löndum taka þátt og lýkur dagskránni með sýningu, sunnudaginn 1. maí.

„Fitkid er samsett úr nokkrum íþróttum, gólffimleikum, nútímafimleikum, dansi og fleiru og er ætlað krökkum á aldrinum sex til sextán ára,“ útskýrir Krisztina G. Agueda, formaður Íslenska fitnessfélagsins. Hún segir fitkid henta krökkum sem vilja stunda skemmtilega íþrótt og fá hvatningu til heilsusamlegs lífs án öfga. Í hugmyndafræði fitkid er unnið með styrk, hraða, sveigjanleika, jafnvægi, frelsi og sjálfsaga, ásamt einbeittum vilja og meðvitund um lífsgæði.



Krisztina G. Agueda, fitkid-þjálfari, ásamt hópi stúlkna á æfingu. Allir geta skráð sig í æfingabúðirnar um helgina, óháð reynslu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fitkid er ný íþrótt hér á landi en Krisztina hóf að kenna fitkid á Íslandi árið 2007, eftir að hafa farið með hóp stúlkna á heimsmeistaramót í Malasíu þar sem þær komust á verðlaunapall.

„Alþjóðlega fitnessfélagið bað mig að senda íslenska keppendur í heimsmeistarakeppni í Fitkid og þrátt fyrir að hafa enga kennslu í íþróttinni hér lentum við í þriðja sæti á mótinu. Í dag æfa í kringum 65 krakkar fitkid í þremur félögum; Stjörnunni í Garðabæ, líkamsræktarstöðinni Hress og hjá Birninum í Hafnarfirði. Í haust verður farið að kenna fitkid bæði á Akureyri og í Vestmannaeyjum svo þetta breiðist út. Við erum rétt að byrja.“

Öllum er velkomið að taka þátt í æfingabúðunum, sem hefjast 29. apríl og lýkur með sýningu klukkan 17 sunnudaginn 1. maí. Æfingabúðirnar fara fram í Stjörnuheimilinu Garðabæ, en þátttökugjald er 5.000 krónur. Nánar á www.fitkid.is *- rat*

**● MATARÆÐI HEFUR ÁHRIF Á DNA** Talið er að mataræði verðandi mæðra á meðgöngu geti haft áhrif á erfðaefni (DNA) barna og aukið hættuna á offitu. Þetta kemur fram í rannsókn Háskólans í Southampton á Englandi en niðurstöður hennar verða birtar í tímaritinu Diabetes á næstunni. Vefur BBC greindi frá efni rannsóknarinnar.



Í rannsókninni voru tekin sýni úr naflastreng og leitað vísbendinga um breytt erfðaefni, en fræðin um áhrif umhverfis á erfðaefni njóta vaxandi vinsælda í heimi vísindanna. Þar kom í ljós að ef lítið kolvetni var í fæðu mæðranna á fyrstu stigum meðgöngu gat það haft áhrif á erfðaefni barnanna. Þá urðu börn með slíkar breytingar oftar feitari. Ástæðan fyrir erfðabreytingunni er talin vera sú að þroski fósturs taki mið af því umhverfi sem það vaxi upp í og því skipti mataræði móðurinnar miklu máli.

Prófessor Keith Godfrey, sem leiddi rannsóknina, sagði áhugavert að þessar erfðabreytingar útskýrðu offitu barna oftar en til að mynda fæðingarþyngd barnanna. Þá skipti þyngd mæðra engu máli í þessu samhengi.

Bresku hjartaverndarsamtökin hafa kallað eftir því að barnshafandi konur fái betri stuðning og fræðslu varðandi mataræði á meðgöngu.



**● C-VÍTAMÍNBOMBAN KÍVÍ** Einn C-vítamínríkasti ávöxturinn er kíví, sem jafnframt er oft talinn til hinna svokölluðu ofurfæðutegunda. Þeir sem eru á höttunum eftir C-vítamíni ættu því að hafa kíví í huga því að í einu kívíi er tvöfalt meira magn af C-vítamíni en í einni appelsínu.

C-vítamín er manninum afar mikilvægt en það er andoxunarefni og hjálpar til við að halda frumum líkamans heilbrigðum. Þá hjálpar það líkamanum að vinna járn úr fæðunni og tekur þátt í streituvörnum líkamans.

HOLLT FERSKT OG FRAMANDI
SAMLOKUBAKKAR
tilvalið fyrir fundinn eða starfsmannapartýið!



Veisluþjónusta SAFFRAN býður upp á ljúffengar, hollar, ferskar og framandi veislur á verði sem fær þig til að brosa!
SMÁRÉTTIR, STEIKARHLAÐBORÐ
ÞRIGGJA RÉTTA MATSEÐLAR
OG HÓPMATSEÐLAR
VEISLUÞJÓNUSTA
SAFFRAN
S. 578 7875 SAFFRAN.IS






MOTHERS Bón & Bílhreinsivörurnar fást hjá WWW.MOTHERS.is og hjá Höfðabílum Fosshálsi 27 fyrir ofan Ölgerðina S.8982832 eða mothers@mothers.is

## Hjólbarðar






Til sölu Land Rover Jeppadekk(sumar) á álfelgum(4stk.) 245/75/16 Selst á 50.000. Uppl. í síma 5550343. Jón.

### Þarftu að láta hjólastilla bílinn?

Við notum fullkomna hjólastillitölvu. Fullkomin smurstöð, fullkomið dekkjaverkstæði. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði.

4 stk. 275/70 16" á 6 gata álf. á 30þ., 4 stk. 185/65 14" á Carina álf. á 25þ., 4 stk. 155R 13" á felgum á 15þ., 4 stk., 185/65 14" á Impreza felgum á 20þ., 2.stk 215/70 16" á 10þ,. 2 stk. 195/75 16" á 15þ., 1.stk 255/55 18" 10þ. 4.stk 175/70 13" á álf. á 20þ. S. 896 8568.

Óska eftir notuðum jeppadekkjum 38-40" fyrir 15" felgur. Uppl. 616-6368.

## Varahlutir

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




### Bílapartasala

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

### Fossbílar 772 6777

Notaðir varahlutir í Renault, Peugeot, Mazda, Mitsubishi, M. Benz, Toyota, Cadillac, Hyundai Coupe og fl. Dekk, felgur, rafgeymar. Hrísmýri 5, 800 Selfoss.

### VW, Skoda, Audi, Pajero - varahlutir S: 534 1045

Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Baleno '97 , Primera '98, Elantra '98, Almera '98. S. 896 8568.

### Hringbraut.is

Til sölu notaðir varahlutir í ýmsar teg bifreiða. Kaupum bíla til niðurrifs. Erum þjónustuaðili fyrir Úrvinnslusjóð Opið 8-17. Uppls.420-1200

Varahlutir í primera '98. Baleno Wagon '97. MMC Space Wagon '97, Kia Sephia '99, Yaris '00, Corolla '94 ,'98, Escord '98. Accent '95 & '97 & '98. Impreza '97 & '99. Legacy '96. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99, Elantra Wagon '97 og '99 Civic '99. Golf '95, Sunny '94. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

### Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

### Partahúsið - S. 555 6666

VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Fókus, M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 666 6555. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

### Japanskar vélar Bílapartasala

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is japvel@carparts.is

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja







### TRJÁKLIPPINGAR

Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

HreinirGarðar
Trjáfellingar og stubbatæting
www.hreinirgardar.is
S.571-2000




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

### Trjáklippingar

Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

## Bókhald

Framtöl - bókhald- ársreikningar. Mikil reynsla - sanngjarnt verð. www.fob.is s. 517-3977

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

### Málarameistari

Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Fáðu upplýsingar í síma 567 6699
vidhald@vidhald.is

HAMRABORG ehf
Þakpappaþjónusta
Viðgerðir á PVC dúk
Almennar húsaviðgerðir

Sími 896 4947 Netfang: hamraborg@simnet.is

Flisaverk.is
Gerum upp baðherbergið frá A-Ö
Niðurrif - Förgun - Pípulagnir
- Rafmagn - Múrverk
-Smíðavinna- Flísalagnir
-Yfirförum ofnalagnir
Þú þarft ekki að leita lengra við sjáum um allt.
Sími 553 2200
kristjan@flisaverk.is




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 568-3063 eða inná www.k2.is

### SG Steingæði slf Alhliða húsaviðgerðir

**Getum bætt við okkur í flísalögn, pípulögn, múrverki, málingu, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum.**

**Uppl. í síma 899 2420.**

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

## Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

## Nudd

New,New,New! TOP LUX MASSAGE IN DOWN TOWN ONLY FOR 1 WEEK,ANY TIME.s 8995836 ALISIA

Whole body massage. S. 849 5247.

Líkamsnudd! Frábær þjónusta! Dúndur tilboð aðeins í dag!! S. 661 8272 eða 693 0348.

### Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

## Spádómar

**908 1888**
**Spásími Daddýar verð við næstu viku. 250 kr. mín.**

### Spásími 908 6060

Tarot, miðlun, trúnaður, draumar. Hvað viltu vita á nýju ári. Opið frá 12-23 S. 894 9228 Steinunn visa/euro.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Múrarar

Steinsson Ehf Reynsla í yfir 20 ár. Getum bætt við okkur steiningu og múrverki í sumar. Sangjörn verð. Upplý. gefur Eyjólfur s. 8673742.

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

### Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.

### RAFVIRKJUN S. 896 6025

Tökum að okkur raflagnir og viðhald raflagna, dyrasímaþjónusta. Rafneisti ehf.

Lög.g Rafvirki getur tekið að sér verkefni. Gott verð í boði. Uppl S: 698 1524.

## Tilkynningar

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS
www.gigt.is

**Að lifa með gigt**

**Fræðslufundur fyrir aðstandendur**
Fimmtudaginn 28. apríl kl. 19.30

Að lifa við gigt er erfitt, þörf er á þekkingu og skilning á helstu einkennum og fylgikvillum sjúkdómsins. Fundur verður haldinn í húsnæði Gigtarfélags Íslands að Ármúla 5. Fyrirlesarar eru Elínborg Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur og Eggert Birgisson sálfræðingur

Við hvetjum allt gigtarfólk að bjóða mökum og aðstandendum að koma á fyrirlesturinn.

Gigtarfélag Íslands

# KEYPT & SELT

## Til sölu







Kauptu blekhylki á Netinu fyrir 5.000 eða meira og þú færð fría heimsendingu eða ljósmyndapappír ef þú sækir!
Prentvörur
www.prentvorur.is

## Til sölu






Ísskápar, þvottavélar,eldavél á 20þ, stálvaskar á 5þ, uppþvottavélar, þurrkarar, barnaþríhjól, barnahjól, sjónvörp, Tölvuflatskjár, Toyota Corolla XLI árg.'95 S. 896 8568.

**ÞVOTTAVÉLAR, VARAHLUTIR**
Til sölu notaðar þvottavélar, þurrkarar, 5-10 kg. og uppþvottavélar. Tökum bilaðar vélar uppí. Varahlutir á góðu verði. Opið alla daga 10:00- 18:00 Síðumúla 37 Kjallara, 108 Rvk 847 5545.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is**

**í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL**

**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**Kaupum ýmislegt gamalt dót**
**30 ára og eldra, t.d. húsgögn, ljósakrónur, hansahillur, leirtau, veski, dúka, spegla, skartgripi, leikföng og fl. og fl. (óskum einnig eftir dánarbúum) Fríða frænka, Vesturgata 3,**

**Opið mánud - föstudaga 12-18 og laugard 12-14. S. 551 4730 & 864 2223.**

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga. Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Til sölu

**SPORTBAR MEÐ POOL**

**Til sölu flottur sportbar með 4 poolborð og stóra viðburðaskjái., Mikið endurnýjaður staður sem er með jafna og góða veltu. Mjög gott verð ef samið er strax.**

**Uppl. á Fyrirtækjasölu Ísl. 773-4700 eða 520-3500**

## Verslun

7 rósir 990 kr.
Dalía
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ
S. 568 9120

bathmate
Bathmate er nú með CE vottun!
Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!
Pantana & upplýsingasími
849 0698
www.bathmate.is

HURÐASKILTI
Apríltilboð
2.600 kr.
BOÐI Stimplagerð
Bolholti 6, Rvk.
Sími 511-1400

## Fyrirtæki

Til sölu er Gistihús Keflavíkur ehf. Leigusamningur á 2059 fm. gistihúsi / hóteli á gamla varnarsvæðinu, Keflavíkurflugvelli. 53 herbergi öll með sér baðherbergi Góðar bókanir fyrir sumarið. Öflug markaðssetning Sími: 691 2361.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - FÓTAAÐGERÐIR - DETOX**
**Opið alla páskahelgina**
Tilboð fótaaðgerðir + nudd upp fyrir hné kr. 5.500 2 saman kr. 9.900. Tekið á kvillum, næringu, hreifingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



**ÚTSKURÐUR-SKART-HNÍFAR**
Hnífabrýnsla 28.4. Útskurður 29.-30.4. Hnífasmíði 3.-5.5. Silfurleir skart 7.-8.5. Tálgun fuglar 9.-10.5. SKRÁNING & UPPL. S:555-1212 HANDVERKSHUSID.IS

UMBREYTTU ERFIÐU BARNI-UNGLING. Námskeið í Hjartanærandi uppeldi fyrir foreldra og aðra sem koma að uppeldi erfiðra barna td ADHD og ODD, hefst 27. apríl kl 19:30. greta@lifogframtid.net s 6152161

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Finn leðursófi til sölu á 70 þús. Uppl. í s. 561 1493 & 862 1050.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Fullbúnar hótelíbúðir í vikuleigu í Hafnarfirði. s. 899 7004.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.




# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

Leiguliðar ehf
Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Herbergi til leigu á Bæjarhrauni 16 Hfj. Öll aðstaða til staðar. Uppl. í s. 899 7004.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Falleg stúdíóíbúð fullbúin húsgögnum til leigu á Bæjarhrauni 16, Hfj. Uppl. í s. 899 7004.

Til leigu ca. 15 ferm. herbergi í gamla vesturbænum í nágr. hafnarinnar. uppl. í s. 892 9512

Einstaklingsíbúð í Seljahv. til leigu, laus strax, ekki baðaðstaða, snyrtimennska og reglusemi áskilin. Uppl. í síma 899 8195.

Lítil 2 herb. íbúð til leigu á Urðarbraut 5 Kópavogi. Uppl. í síma 898 6719.

Góð 2 herb. íb. til leigu í 111 svalir/útsýni S: 898 9636 e.kl.15 / 1810@internet.is

## Húsnæði óskast

Óska eftir stúdíó til leigu. S. 868 2005.

Reglusöm hjón óska eftir stúdíói eða 2ja herb. íbúð í Reykjavík. Öruggar greiðslur. Uppl. S: 8652160

Óska eftir lítilli íbúð eða herb. með aðgangi að eldh. á svæðum 103,104,105 & 108. Uppl. í s. 899 0345 e. hádegi.

Vantar ad leiga ibud fra 4 Juli til 8 Agust. Ma vera i Kopavogi, Reykjavik, Mosfellsbae. E-mail: afranklin12@cox.net

3-4 herbergja íbúð óskast í Mosfellsbæ, Grafarholti eða Grafarvogi frá 1. maí fyrir ung reyklaus og reglusöm hjón með 2 börn . Áhugasamir geta haft samband í síma 6182837 eða perlaosk@hotmail.com

Herbergi óskast til leigu, sem fyrst á höfuðborgarsv. Reglusemi. S. 699 4011.

## Sumarbústaðir



Framleiðum sumarhús, 20 ára reynsla, sjá heimasíðu: sumarhus.com s. 615-2500.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.

Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.

Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

# ATVINNA

## Atvinna í boði




**Ítalía - veitingahús**
**Sumarstörf í boði. Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsfólkum í sal - ath. um hlutastarf er að tala. Íslenskukunnátta skilyrði. Ekki yngri en 18 ára. Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga. Veitingahúsið Ítalía Laugavegi 11**

Óska eftir pössun af og til fyrir 5 ára stúlku í Rvk. og annarri manneskju í heimilisþrif Upplýsingar í s 899 0680

Óska eftir vinnukonu/manni í sauðburð á Suðurlandi þyrfti að koma fljótlega. Nauðsynlegt að kunna á vélar og tæki. Uppl. í s. 864 2146 & 487 4791.

Vanann stýrimann vantar á 20 m langan dragnótarbát sem rær frá Vestfjörðum. Uppl. í s. 892 3877.

Vélstjóri/vélavörður óskast til starfa á 150 tonna humarbát. Vélarstærð 478 kw. Uppl. í s. 892 0367 eða 483 3548.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Dömurnar á Rauða Torginu Dömuvaktin er frá kl. 20-24 í kvöld. Heitt spjall, heitar stundir. S. 908-6000 og 535-9999.

Dömuvaktin á Rauða Torginu Dömuvakt í kvöld frá kl. 20-24. Símar 908-6000 og 535-9999. www.RaudaTorgid.is (Dömuvaktin).

Tilbreyting Á Rauða Torginu Stefnumót eru nýjar auglýsingar kvenna sem leita tilbreytingar. S. 905-2000 og 535-9920.


# GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR SUÐURNES

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 11 stöðum á Suðurnesjum og 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing.

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Fjöldi lausasölustaða á Suðurnesjum

N1 verslun, Hafnargötu, Keflavík
N1 þjónustustöð, Aðalstöðinni, Keflavík
Olís, Básnumn, Reykjanesbæ
Samkaup Strax, Reykjanesbæ
Tíu ellefu, Hafnargötu, Keflavík
Eymundsson, Leifsstöð
Tíu ellefu Hraðkaup, Leifsstöð
Nettó, Grindavík
Samkaup Strax, Sandgerði
Samkaup Strax, Garði
Bónus, Fitjum, Njarðvík



Allt sem þú þarft...

Tilkynningar

Atvinna

Fasteignir

## Aðalsafnaðarfundur
**Lindasóknar**
verður haldinn þriðjudaginn
3. maí nk. kl. 17.30
í Lindakirkju.

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf
Framtíðarsýn Lindasóknar
Önnur mál.

*Sóknarnefnd Lindasóknar*

FERÐAMÁLASAMTÖK ÍSLANDS
ICELANDIC TOURISM ASSOCIATION

## Aðalfundur
**Ferðamálasamtaka Íslands**

Aðalfundur Ferðamálasamtaka Íslands verður haldinn fimmtudaginn 28. apríl nk. kl. 11.00 í veitingastaðnum Nauthól í Reykjavík.

**Dagskrá:** Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál

Fundurinn er opinn þeim sem starfa að ferðaþjónustu og öðru áhugafólki um ferðamál. Aðilar að FSÍ eru 8 ferðamálasamtök landshluta. Í tengslum við aðalfund FSÍ verður Þjóðfundur um ferðamál kl. 13.–17.

**Frá orðum til athafna**
**Þjóðfundur um Ferðamálaáætlun og framtíðina**

**Dagskrá:**
kl. 13.00
Ferðamálaáætlun 2011- 2020"
Sigríður Kristjánsstjóri verkefnistjóri hjá Impru, kynnir áætlunina

kl. 13.30 - 17.00
Umræður í hópum í þjóðfundaformi með áherslu á innviði, vöruþróun, nýsköpun og samvinnu. Allar hugmyndir velkomnar. Markmiðið er að fá fram aðgerðarlista sem gagnast ferðaþjónum til að efla tengsl og samstarf, standa að markvissri uppbyggingu áfangastaða, auka fjölbreytni þjónustunnar og bæta gæði.

Að loknum fundi kl 17.00 bjóða Ferðamálasamtök Höfuðborgarsvæðisins í skoðunarferð um borgina og nágrenni. Ferðinni lýkur á veitingastaðnum Pisa þar sem snæddur verður kvöldverður.

Skráning á Þjóðfundinn er á vefsíðunni www.ferdamalasamtok.is
Upplýsingar veitir Unnur í síma 866 6858, og Hjördís í 694 9725

**Skráningu lýkur miðvikudaginn 27. apríl**

Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum
**Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106-/2000 m.s.br.

**Framleiðsla á 3.000 tonnum af laxi í sjókvíum í Arnarfirði á vegum Arnarlax ehf.**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **28. maí 2011.**

**Skipulagsstofnun**

# BIFVÉLAVIRKI
## BIFHJÓLAVIRKI

Bernhard óskar eftir að ráða vanan bifvélavirkja og bifhjólavirkja til starfa. Eingöngu vanur maður kemur til greina, sem getur hafið störf sem fyrst. Um er að ræða 100% starf þar sem vinnutími er mánudaga til fimmtudaga milli kl. 08:00 og 16:45 og föstudaga milli kl. 08:00 og 16:00.

**Lýsing:**
- Bilanagreining, viðgerðir og þjónusta á Honda og Peugeot bifreiðum.
- Viðgerðir og þjónusta á Honda bifhjólum.

**Hæfniskröfur:**
- Próf í bifvélavirkjun.
- Góð tölvukunnátta.
- Góð tök á ensku.
- Góða þekkingu á viðgerðum bifhjóla.
- Gilt bíl- og bifhjólapróf.
- Stundvís og reyklaus.

Samheldinn hópur starfsfólks er í fyrirtækinu, góð vinnuaðstaða og fyrirtækið er reyklaust. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Upplýsingar eru ekki gefnar í síma en sótt er um starfið á heimasíðu fyrirtækisins www.bernhard.is/storf

BERNHARD

Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRA SJÓNVARP
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
vísir

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFUR - TRAUST - ÁRANGUR

## AÐALÞING 6
**OPIÐ HÚS MIÐVIKUD. 27. APRÍL FRÁ KL 17.30 - 18.00**



Stórglæsilegt og vel skipulagt - 246fm. 5 - 6 herbergja raðhús á tveim hæðum á frábærum útsýnistað við Elliðavatn í Kópavogi.
**SKIPTI MÖGULEG Á MINNI EIGN.**
**HÚSIÐ ER LAUST FLJÓTLEGA.**



Gunnar Valsson
s. 699-3702

RE/MAX LIND

**ÞAÐ ER MEIRA AÐ GERA Á FASTEIGNAMARKAÐINUM EN ÞIG GRUNAR.**

LÁTTU MIG SELJA FYRIR ÞIG, HRINGDU NÚNA



**Hafðu samband**
**699 5008**

**Hannes Steindórsson**
Sölufulltrúi
hannes@remax.is
Sími: 699 5008

**Þórarinn Jónsson** hdl.
lögg. Fasteignasali



Reykjavíkurborg

## Atvinnuátak - Sumarstörf

**Störfin eru opin öllum námsmönnum sem eru á milli anna eða skólastiga auk þeirra sem eru á atvinnuleysisskrá. Reykjavíkurborg stendur fyrir átakinu í samvinnu við Vinnumálastofnun.**

**Eftirfarandi störf eru laus til umsóknar:**
Aðstoð við vinnslu gagna á Menntasviði
Aðstoð við gerð gagnabanka á Menntasviði
Fjarmælingar á orkunotkun fasteigna
Greining lykiltalna hjá Framkvæmda- og eignasviði
Heilsueflandi heimsóknir
Markaðssetning Menningarkorts
Aðstoð við vinnslu gagna á Velferðarsviði
Uppsetning kynningarefnis hjá Velferðarsviði
Úttekt boltagerða
Garðyrkja í Árbæjarsafni
Gerð verkefnabókar fyrir leikskóla
Miðlun safnkosts Borgarskjalasafns
Kortlagning á ástandi fráveitumála á Hólmslandi
Persónuleg ráðgjöf, vinna með börnum
Sérfræðingur í eigindlegum mælingum
Sérverkefni í innri endurskoðun
Starfsmaður í félagsstarf
Starfsmaður á skrifstofu Umhverfis- og samgöngusviðs
Sumarstörf í Viðey
Verkefnastjóri upplýsingamála
Þarfagreining og hönnun upplýsingagáttar

**Umsóknarfrestur er til 4. maí.**
**Nánari upplýsingar um störfin og umsóknarform er að finna á vef Reykjavíkurborgar www. reykjavik.is/sumaratak**

FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
Meiri Vísir.
vísir



**SUSHI** Þörungar eru víða notaðir í asískri matargerð.

# Þörungar í matargerð

Ole G. Mouritsen, prófessor við Syddansk Universitet, heldur opinn fyrirlestur um nýtingu þörunga í matargerð á morgun 28. apríl í sal Norræna hússins, kjallara.

Fyrirlesturinn, sem hefst klukkan 19.30, fjallar um þörunga sem eru mikilvægur hluti af mataræði í mörgum löndum Asíu. Notkun þeirra í matargerð hefur ekki náð fótfestu á Vesturlöndum nema að litlu leyti.

Ole telur líklegt að þörungar verði stærri hluti af mataræði Vesturlandabúa í framtíðinni enda séu þeir afbragðs matvæli. Aðgangur að fyrirlestrinum er ókeypis og öllum opinn.



**GJÖFIN AFHENT** Haraldur Ísleifur og Björgvin Herjólfsson, fulltrúar Ársæls, ásamt Auði Einarsdóttur og Sigurði Guðmundssyni frá Auroru velgerðasjóði.

# Nýr björgunarbúnaður

*Rústabjörgunarsveitinni Ársæli áskotnaðist þriggja milljóna króna styrkur í vetur frá velgerðasjóði sínum Auroru.* Fyrir hann var keyptur búnaður sem samanstendur af sérhæfðri leitarmyndavél, línubjörgunarbúnaði, kjarnaborvél, naglabyssu, steinsög og sérhönnuðum bakpokum fyrir þá sem sinna rústabjörgun. Allt getur þetta komið í góðar þarfir þegar kallið kemur um hjálp en sveitin er hluti af Alþjóðabjörgunarsveit Slysavarnafélagsins Landsbjargar og sinnir óveðursaðstoð, viðbrögðum við jarðskjálftum og ofanflóðum í byggð á landsvísu.

Eins og muna má tók sveitin meðal annars þátt í björgunaraðgerðum á Haítí í kjölfar jarðskálftans í janúar 2010.

# Tilnefnd til náttúruverðlauna

Íslenskir fjallaleiðsögumenn og Farfuglar voru á dögunum tilnefndir til Náttúru- og umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs, en fyrirtækin standa nú eftir í hópi tíu tilnefndra. Þema verðlaunanna í ár er sjálfbær ferðaþjónusta.

Íslenskir fjallaleiðsögumenn hafa lengi tekið virkan þátt í umræðu um náttúruvernd og vinna eftir hugmyndafræðinni „Leave no trace principles“, en það eru leiðbeinandi umgengnisvenjur um sjálfbæra ferðamennsku á ósnortnum svæðum, þar sem leitast er við að draga úr óhjákvæmilegu álagi af völdum ferðamanna.

Farfuglar notast við umhverfisstaðalinn „Grænt farfuglaheimili“ sem hvatningu til rekstraraðila farfuglaheimila um að vinna markvisst að umhverfismálum. - þlg



**FRÁ FARFUGLAHEIMILINU Á VESTURGÖTU** Farfuglaheimilið á Vesturgötu og í Laugardal bera norræna umhverfismerkið Svaninn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

---



†

*Ástkær faðir okkar,*

**Sveinn Ólafsson**

lést 23. apríl síðastliðinn. Útför mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Ólafur, María Sif, Sveinn, Sigríður Nanna og fjölskyldur.**

---



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gísli Vilberg Sigurbjörnsson**

Laugarásvegi 33, Reykjavík,

sem andaðist á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni sunnudaginn 17. apríl sl. verður jarðsunginn frá Áskirkju fimmtudaginn 28. apríl kl. 15.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á að leyfa minningarsjóði Sóltúns að njóta þess.

**Þórhildur M. Sandholt**

| | |
|---|---|
| **Sigrún Gísladóttir** | **Hörður Rögnvaldsson** |
| **Ásgeir Gíslason** | **Julia Amporn** |
| **Friðrik Gíslason** | **Guðríður Svavarsdóttir** |

**Guðbjörg Sandholt Gísladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn og minn besti vinur, faðir okkar, tengdafaðir, tengdasonur, bróðir og afi,*

**Lárus Sigurberg Árnason**

lést á krabbameinsdeild LSH eftir stutt veikindi þann 13. apríl síðastliðinn. Útför fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 28. apríl kl. 15.00.

**Valborg Fríður Svanholt Níelsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Hjörvar Örn Brynjólfsson** | **Guðný Björg Karlsdóttir** |
| **Arnar Helgi Lárusson** | **Sóley Bára Garðarsdóttir** |
| **Jón Björn Lárusson** | **Jóna Rúna Erlingsdóttir** |
| **Ægir Þór Lárusson** | **Ágústa Guðný Árnadóttir** |
| **Guðrún Jóna Lárusdóttir** | **Benedikt Rafn Guðjónsson** |
| **Lýður Valgeir Lárusson** | **Nína Hildur Oddsdóttir** |
| **Þorvarður Lárusson** | **Hólmfríður Anna Aðalsteinsdóttir** |
| **Ágústa Þórey Haraldsdóttir** | **Níels P. S. Björgvinsson** |

**systkini og barnabörn.**

---



†

*Móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðrún Gísladóttir**

frá Ísafirði,

lést 23. apríl á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Jarðarförin auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| **Sigríður Þórðardóttir** | **Pétur Konráð Hlöðversson** |
| **Þorbjörg Þórðardóttir** | |
| **Viðar Bragi Þórðarson** | |
| **Ragnheiður Bára Þórðardóttir** | **Timó Jensen** |

**og barnabörn.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Iðunn Heiðberg**

áður til heimilis að Rauðalæk 12,

lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli fimmtudaginn 21. apríl. Útför fer fram frá Áskirkju föstudaginn 29. apríl kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Páll Árnason** | **Gyða Hafdís Margeirsdóttir** |
| **Ingibjörg Árnadóttir** | **Neil Young** |
| **Helga Árnadóttir** | **Róland Assier** |

**og barnabörn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Freysteinsson,**

áður til heimilis á Aflagranda 40, Reykjavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni þann 17. apríl sl. Útförin fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 28. apríl kl. 13.00.

**Sigrún Lovísa Grímsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Grímur Sigurðsson** | **Sigríður Finnsdóttir** |
| **Freysteinn Sigurðsson** | **Kolbrún Sigurpálsdóttir** |
| **Hulda G. Sigurðardóttir** | **Brynjar Þórarinsson** |
| **Guðbjörg Sigurðardóttir** | **Skúli Kristjánsson** |
| **Sigurður Sigurðsson** | **Liv Marit Sigurðsson** |
| **Sigrún Lovísa Sigurðardóttir** | |

**og fjölskyldur.**

---



†

*Móðir okkar og tengdamóðir,*

**Ingibjörg J. Gíslason**

Elliheimilinu Grund,
áður Laufásvegi 64a,

lést föstudaginn 22. apríl.

| | |
|---|---|
| **Þóra Sandholt** | |
| **Ragnheiður Gíslason** | **Þórarinn Jónasson** |
| **Bergljót B. Gíslason** | |
| **Ása Gíslason** | **Ólafur R. Magnússon** |

**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Júlíus Reynir Ívarsson**

frá Móbergi á Rauðasandi, til heimilis að Fálkagötu 6, Reykjavík,

lést á öldrunardeild Landakots laugardaginn 23. apríl sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Jóhanna Gunnlaugsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Haukur Júlíusson** | **Ingibjörg Jónasdóttir** |
| **Gunnlaugur A. Júlíusson** | **Sigrún Sveinsdóttir** |
| **Ingibjörg Júlíusdóttir** | **Bragi Guðjónsson** |
| **Anna G. Júlíusdóttir** | **Hjálmar Axelsson** |

**afabörn og langafabörn.**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðrún Ólafsdóttir**

frá Syðra-Velli, Flóa,
síðast til heimilis að Lönguhlíð 3,

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund aðfaranótt föstudagsins langa, 22. apríl. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík 3. maí kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Guðmundur Pálsson** | **Kirsten Pálsson** |
| **Margrét Pálsdóttir** | **Kristinn Tryggvason** |
| **Ingibjörg Pálsdóttir** | |
| **Guðlaug Pálsdóttir** | **Sveinn Tómasson** |

**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÞARF AÐEINS AÐ HITA!
Kjúklinga bollur
498 KR.PK
HOLTA ELDAÐAR KJÚKLINGABOLLUR 400g
EUROSHOPPER SÚRSÆT SÓSA 500g
198 KR.500g
BÓNUS Kjúklingamolar
BÓNUS KJÚKLINGAMOLAR 1000g
1198 KR.1 KG
KORNBRAUÐ
1 KG / 26 SNEIÐAR
BÓNUS
KORNBRAUÐ 26 SNEIÐAR
198 KR.
BÓNUS FROSNIR ÝSUBITAR
698 KR. 800g
K.S. SALTFISKBITAR ÚTVATNAÐIR
698 KR. kg
KJARNAFÆÐI FERSKT KJÖTFARS
259 KR. 620g
NÝBAKAÐ
Í VERSLUNUM BÓNUS
BAGUETTE BRAUÐ
129 KR.STK
RABBABARASULTA
395 KR. 500ml
ÞEYTIRJÓMI 250ML
259 KR. 250ml
Vilko Vöfflur
VILKO VÖFFLUMIX 500g.
395 KR.500g
Barilla SPAGHETTI n.5
1Kg
BARILLA SPAGHETTI 1 KG.
259 KR. 1 KG.
SOL GRYN
FERSKT BLANDAÐ HAKK 100% KJÖT
898 KR.KG
OTA HAFRAMJÖL 2 KG.
698 KR.KG
ROOKEE
ROOKEE NÚÐLUR 85g 4 TEGUNDIR
AÐEINS 35 KR PAKKINN
Góður tilbúinn matur fyrir 3-4 aðeins 998 kr.bakkinn
ÓDÝRT -FLJÓTLEGT ÞÆGILEGT
ÞARF AÐEINS AÐ HITA!
BÓNUS HEILSURÉTTUR
BÓNUS BURRITOS 4 STK
BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE
BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** jurt, 6. verkfæri, 8. fiskur, 9. prjónavarningur, 11. þurrka út, 12. sæta, 14. einskis, 16. í röð, 17. flík, 18. for, 20. íþróttafélag, 21. umkringja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** dans, 3. slá, 4. dagatal, 5. berja, 7. dulinn, 10. atvikast, 13. bein, 15. flóki, 16. hryggur, 19. kyrrð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. gras, 6. al, 8. áll, 9. les, 11. má, 12. sykra, 14. neins, 16. bd, 17. fat, 18. aur, 20. kr, 21. króa.
**LÓÐRÉTT:** 1. vals, 3. rá, 4. almanak, 5. slá, 7. leyndur, 10. ske, 13. rif, 15. strý, 16. bak, 19. ró.






# Það kallast einræði

**BAKÞANKAR**
**Sifjar Sigmarsdóttur**



Ef ég gæti raðað saman hinni fullkomnu útgáfu af sjálfri mér myndi ég velja mér til sjálfsbótar varir og barm Angelinu Jolie, leggi Gwyneth Paltrow og afturenda Jennifer Lopez. Töluvert hefur borið á óskhyggju af svipuðum toga í pólitískri umræðu undanfarið. Spáin um uppstokkun í flokkakerfinu sem reglulega skýtur upp kollinum hefur tekið að láta á sér kræla og með henni pólitískir dagdraumar um fullkomlega samsetta stjórnmálaflokka. Við kvöldverðarborð um land allt er rifist um hverjum skuli sparka úr þeim flokkum sem nú starfa, hverjum skuli halda og hverja þurfi að færa milli liða.

**AÐEINS** eitt mál vekur meiri deilur við matarborðið í mínum heimahúsum en rétt samsetning stjórnmálaflokka: samsetning sælgætispokans úr Nammibarnum í Hagkaup sem heimilisfólkið rífur í sig á laugardögum. Enginn er sammála um hvað eigi að vera í pokanum, hvaða sælgætistegundir fari vel saman og hverjar séu aðeins sóun á kaloríum. Rifrildin um innihald sælgætispokans og stjórnmálaflokka eru um eitt lík. Hugmyndin um einn fullkominn nammipoka og einn fullkominn stjórnmálaflokk er útópísk draumsýn. Fullkomnir nammipokar, rétt eins og fullkomnir stjórnmálaflokkar, verða jafn fábrugðnir og mennirnir eru margir. Draumsýn eins kann jafnvel að vera martröð annars.

**ENGU** að síður virðist trúin á hina einu réttu skoðun vera í fullum blóma. Lilja Mósesdóttir sagði skilið við þingflokk VG fyrir skemmstu. Í fjölmiðlum fagnaði hún því að vera laus undan málamiðlunum sem VG gerði í stjórnarsamstarfi við Samfylkinguna. Hvort sem við höfum augastað á vörum Angelinu og leggjum Gwyneth höfum við flest eitthvað út á eigið útlit að setja og myndum skipta út völdum líkamspörtum fyrir nýja ef við gætum. En hvers vegna finnst okkur eigin skoðanir svo fullkomnar að þær megi ekki við málamiðlunum?

**TIL ER** orð yfir stjórnarfar án málamiðlana. Það kallast einræði. Auðvitað er útópía Lilju Mósesdóttur „einræðisríki-Lilju-Mósesdóttur“. Í draumaveröld minni spranga ég ekki aðeins um barmmikil á lögulegum leggjum Hollywood-stjörnu, heldur ræð ég líka öllu.

**EFTIR** ýtarlegar umræður yfir matborðinu hef ég sett saman pólitískt draumalið einræðisríkis míns. Það inniheldur rökræðuhæfni Steingríms J., hnyttni Össurar Skarphéðinssonar, reisn Sivjar Friðleifsdóttur, brennandi réttlætiskennd Birgittu Jóns. og hár Bjarna Ben. Eins ósammála og matargestir eru um uppröðun hins fullkomna stjórnmálaflokks geta þeir þó ávallt sammælst um eitt: Guði sé lof fyrir málamiðlanir.

**DEILDU** pólitísku draumaliði þínu á Facebook á slóðinni: tinyurl.com/draumalidid

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# Erindi Hönnuh Arendt við samtímann

Í dag hefst tveggja daga ráðstefna á vegum Eddu öndvegisseturs í Háskóla Íslands um heimspeki Hönnuh Arendt. Fyrri daginn verður umfjöllunarefnið Arendt og kreppa í stjórnmálum, hinn síðari Arendt og kreppa í menningu.

Ráðstefnan er haldin í tilefni af útkomu bókar með íslenskum þýðingum greina eftir Hönnuh Arendt sem Sigríður Þorgeirsdóttir, heimspekiprófessor við Háskóla Íslands, ritstýrði.

Hannah Arendt fæddist árið 1906 í Þýskalandi en flúði til Bandaríkjanna 1941 og lést þar árið 1976. Eftir hamfarir seinni heimsstyrjaldar varð hún fyrst til að gera ítarlega rannsókn á hugmyndafræði alræðis í nasisma og stalínisma. Meginviðfangsefni hennar var síðan hrun ríkjandi hugmyndakerfa og kreppa í stjórnmálum. Sigríður segir heimspeki Arendt eiga vel við enn í dag.

„Hannah Arendt byrjar að skrifa um stjórnmál að lokinni seinni heimsstyrjöldinni en þá var hún að velta fyrir sér hvers vegna alræði hefði komist á í Þýskalandi og Sovétríkjunum. Í framhaldi fer hún að velta fyrir sér hvernig koma megi í veg fyrir að pólitík verði eyðileggingu að bráð líkt og gerðist þar. Hönnuh mat var að pólitík þrifist ekki í samfélagi nema þar færi fram virk samræða með þátttöku borgaranna, þar væru góðar stofnanir, þing og virkir borgarar.“ Þessi vísdómur er sígildur, bendir Sigríður á, og heimfærist vel á þá tíma sem við lifum í eftirmálum hrunsins. Á daginn hafi komið að almenningur hafi verið illa upplýstur í aðdraganda þess og illu heilli ekki getað veitt fjármálastofnunum gagnrýnið aðhald.

Norrænir, þýskir og bandarískir Arendt-fræðingar munu halda erindi á ráðstefnunni, sem styrkt er af Goethe Institut og stendur frá 13 til 17 í dag og á morgun. Hún er öllum opin og má nálgast dagskrá hennar á vef Eddu öndvegisseturs http://edda.hi.is/

- sbt



**SIGRÍÐUR ÞORGEIRSDÓTTIR** Meðal þeirra sem halda erindi á tveggja daga ráðstefnu um Hönnuh Arendt sem hefst í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**HÚSMÓÐIRIN** Leikritið verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu í kvöld.

# Húsmóðir Vesturports á fjölunum

Nýr íslenskur gleðileikur verður frumsýndur á Nýja sviði Borgarleikhússins í kvöld. Það er leikhópurinn Vesturport sem á heiðurinn að sýningunni og er þetta í fyrsta sinn sem hópurinn tekst á við gamanleikjaformið þar sem dyr „opnast og lokast á hárréttu augnabliki, persónur birtast á óþægilegu andartaki eða yfirgefa sviðið rétt áður en allt verður óbærilega vandræðalegt,“ eins og segir í fréttatilkynningu. Höfundar og leikarar verksins eru þau Björn Hlynur Haraldsson, Gísli Örn Garðarsson, Nína Dögg Filippusdóttir, Víkingur Kristjánsson og Jóhannes Níels Sigurðsson. Leikmynd og búninga hannar Ilmur Stefánsdóttir og lýsingu annast Þórður Orri Pétursson. Pálmi Sigurhjartarson semur og flytur tónlist og Ólafur Örn Thoroddsen er hljóðmaður sýningarinnar.

# Á afskekktum stað

**Á afskekktum stað nefnist nýútkomin bók. Hún er byggð á samtölum við sex Austur-Skaftfellinga, þau Álfheiði Magnúsdóttur og Gísla Arason sem fædd eru og uppalin á Mýrum, Ingibjörgu Zophoníasdóttur á Hala í Suðursveit, Þorvald Þorgeirsson, sem í áratugi gegndi verkstjórn í bandarísku ratsjárstöðinni á Stokksnesi, og feðgana Sigurð Bjarnason og Einar Rúnar Sigurðsson á Hofsnesi í Öræfum.**




**Á AFSKEKKTUM STAÐ**

**Á baksíðu bókarinnar kemur fram að henni er ætlað að gefa lesandanum tilfinningu fyrir sögu og þróun mannlífs frá því á árunum milli stríða til dagsins í dag, því hvernig „nútíminn“ barst inn á svæðið, hvaða viðtökur hann fékk og hverju hann breytti.**

**Arnþór Gunnarsson er höfundur bókarinnar. Hann er með BA-próf í sagnfræði og MS í ferðamálafræði. Svo vitnað sé í orð Helga Björnssonar jöklafræðings á bókarkápu hefur Arnþór nýtt sér vel mikla frásagnargáfu viðmælenda sinna og ritað bók sína prýðilega.**





Farið verður yfir núgildandi reglur á réttindum og greiðslum lífeyrisþega hjá Tryggingastofnun.

28. apríl: Útibúið í Snæfellsbæ, Ólafsbraut 21
5. maí: Útibúið í Breiðholti, Álfabakka 10
12. maí: Útibúið í Hamraborg, Hamraborg 8
19. maí: Útibúið á Selfossi, Austurvegi 20

**Réttindi lífeyrisþega**

Starfsfólk Tryggingastofnunar kynnir núgildandi reglur og hvaða þættir hafa áhrif á réttindi og greiðslur hjá Tryggingastofnun. Sérfræðingar bankans fara síðan yfir skattamál tengd lífeyrissparnaði.

Námskeiðin hefjast kl. 20 og eru öllum opin. Boðið er upp á léttar veitingar.

**Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld**

Námskeiðin eru hluti af röð fjármálanámskeiða sem Landsbankinn hefur boðið upp á frá árinu 2006. Markmið þeirra er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármálin.

**Skráning og nánari upplýsingar á vef bankans og í síma 410 4000.**

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

# Sjálfmeðvitað splatter-fjör

Bíó ★★★

**Scream 4**

Leikstjóri: Wes Craven

**Aðalhlutverk:** Emma Roberts, Hayden Panettiere, Neve Campbell, Courteney Cox, David Arquette

Fimmtán ár eru liðin síðan grínhrollvekjan Scream endurvakti vinsældir „slægingarmyndanna“, en það er ágæt þýðing á þeim flokki mynda sem kallast á ensku „slasher films“. Slíkar myndir höfðu verið lítið áberandi frá því að vinsældir þeirra dvínuðu undir lok níunda áratugarins en Scream rúllaði boltanum aftur af stað árið 1996. Myndin nálgaðist viðfangefnið á nýjan hátt, gerði grín að sjálfri sér, og sýndi allar gömlu slasher-klisjurnar í nýju og afar póstmódernísku samhengi.

Framhaldsmyndirnar urðu tvær en hvorug þeirra náði hæðum upprunalegu myndarinnar þegar kom að spennu og fjöri. Þær reyndu að afsaka ófrumlegheitin með því að vera jafnvel sjálfmeðvitaðri en fyrsta myndin en kjánaskapurinn varð þeim að falli. Scream-serían var orðin paródía af sjálfri sér.

En nú er að alast upp ný kynslóð hrollvekjuunnenda og hún samanstendur af unglingum sem hafa séð mýgrút mynda sem tilheyra allar þessari seinni bylgju táningahryllingsmynda sem Scream átti upptökin að. Að vísu eru nýju myndirnar bæði drungalegri og ofbeldisfyllri en þær voru fyrir fimmtán árum en Wes Craven er engu að síður mættur til leiks á ný og gerir hér heiðarlega tilraun til þess að sýna nýju krökkunum „hvernig á að gera þetta“.



**SCREAM 4** Courteney Cox, David Arquette og allt gamla gengið fær ágætis pláss í myndinni en aðeins hefur verið yngt upp í leikhópnum. Scream 4 er fínasta framhaldsmynd.

Scream 4 er ágæt skemmtun. Gömlu aðdáendurnir fá ýmislegt fyrir sinn snúð. Myndin er troðfull af tilvísunum í upprunalegu myndina og gamla gengið fær hér ágætt pláss í sögunni. Craven hefur þó vit á því að brúa kynslóðabilið með yngri leikurum, en leikhópurinn stendur sig nokkuð vel, unglingarnir jafnt sem þeir eldri. Skemmtilegust er aðalpersónan, leikin af hinni ungu Emmu Roberts (dóttur Eric Roberts), sem í upphafi er litlaus og hversdagsleg en sækir í sig veðrið þegar á líður.

Enn vantar þó töluvert upp á ferskleika og frumlegheit til þess að fjórða myndin nái að vera eitthvað meira en bara ágætis framhaldsmynd. Scream 4 er stútfull af bröndurum og blóði en fellur í skuggann af bæði frumgerð sinni og öðrum sprækari hrollvekjum sem ratað hafa í bíó síðustu misseri. Myndin er því eins og góð saga sem ættingi með elliglöp hefur sagt þér fjórum sinnum. Hún var best þegar þú heyrðir hana fyrst en er þó ágæt fyrir fersk eyru. Og betri en 2 og 3.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Ágætis poppkornsfjör fyrir unglinga og aðeins eldri unglinga.


SMÁRABÍÓ · HÁSKÓLABÍÓ

MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI Í 3-D — midi.is

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THOR 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THOR 3D Í LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SCREAM 4 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| HANNA | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL 3.30 - 5.45 | L |
| RIO 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RIO 3D ENSKT TAL ÓTEXTUÐ | KL. 3.30 | L |
| YOUR HIGHNESS | KL. 8 | 16 |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 | L |
| LIMITLESS | KL. 10.20 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THOR 3D | KL. 6 - 9 | 12 |
| HANNA | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| RIO 2D ENSKT TAL | KL. 5.50 | L |
| KURTEIST FÓLK | KL. 8 - 10.10 | L |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL 5.50 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THOR 3D | KL. 8 - 10.15* KRAFTSÝNING | 16 |
| HANNA | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio — NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is

midi.is — Miðasala og nánari upplýsingar — LAUGARÁS BÍÓ — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

POWERSÝNING KL. 10

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THOR | 5, 7.30 og 10 POWER |
| RIO - ISL TAL 3D | 6 |
| YOUR HIGHNESS | 8 og 10 |
| HOPP - ISL TAL | 6 |
| KURTEIST FÓLK | 8 |
| NO STRINGS ATTACHED | 10 |

The Metropolitan Opera HD LIVE — Andrew Davis; Renée Fleming, Sarah Connolly, Joseph Kaiser, Russell Braun, Morten Frank Larsen, Peter Rose — R. Strauss — CAPRICCIO — miðasala á www.operubio.is — Í KVÖLD

SAMBÍÓIN

MATTHEW McCONAUGHEY — THE LINCOLN LAWYER — POWERSÝNING 10.30 Í ÁLFABAKKA — THOR — ARTHUR — EMPIRE — SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THOR kl. 5:30 - 8 - 10:30 | POWERSÝNING | 12 |
| ARTHUR | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| ARTHUR Luxus VIP | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | VIP |
| DREKA BANAR M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| CHALET GIRL | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| SOURCE CODE | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SUCKER PUNCH | kl. 5:50 | 12 |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| ARTHUR | kl. 8 - 10:20 | 7 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THOR | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 8 | 10 |
| SOURCE CODE | kl. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| THOR | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| LINCOLN LAWYER | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| ARTHUR | kl. 8 - 10.30 | 7 |
| RIO 3D M/ ísl. Tali | kl. 5.40 | L |
| SOURCE CODE | kl. 5.40 | 12 |
| CHALET GIRL | kl. 8 | L |
| RED RIDING HOOD | kl. 10.20 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| CAPRICCIO Ópera í Beini útsendingu | kl. 6 | L |
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 5:30 - 8 - 10 | 12 |
| ARTHUR | kl. 10:30 | 7 |
| RED RIDING HOOD | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| BARNEY´S VERSION Númeruð sæti | kl. 5:30 | L |

tryggðu þér miða á www.SAMbio.is



# Opnir málfundir...
## ...um vísinda- og nýsköpunarkerfið

Fjórði og síðasti málfundurinn verður haldinn í dag, miðvikudaginn 27. apríl kl. 15-17 í sal Arion banka

Vísinda- og tækniráð efnir til opinnar og gagnrýninnar umræðu um vísinda- og nýsköpunarkerfið á fjórum opnum fundum í febrúar-apríl 2011 undir yfirskriftinni; „Með gæði og ávinning að leiðarljósi.“

í dag!

Í dag, miðvikudaginn 27. apríl kl. 15-17
í sal Arion banka að Borgartúni 19, Reykjavík.

**Þekkingaryfirfærsla – stíflur eða opnar gáttir?**

Inngangserindi:

Hannes Ottósson, verkefnisstjóri, Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Sigurlína V. Ingvarsdóttir, yfirframleiðandi á þróunarsviði CCP og stjórnarformaður Icelandic Gaming Industry, IGI

Sveinbjörn Höskuldsson, framkvæmdastjóri Nox Medical

Ágúst H. Ingþórsson, forstöðumaður Rannsóknaþjónustu Háskóla Íslands

Fundarstjóri: Þorsteinn Ingi Sigfússon, formaður tækninefndar Vísinda- og tækniráðs

Vísinda- og tækniráð
www.vt.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



BÍÓ ★ PARADÍS — BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| BOY | 18:00, 20:00, 22:00 |
| A WOMAN, A GUN AND A NOODLE SHOP | 18:00, 20:00,22:00 |
| BLUE VALENTINE | 17:50, 20:00, 22:10 |
| FOUR LIONS | 18:00, 20:00, 22:00 |

BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS



**ÁTAKAMIKIÐ** Líf Michaels Douglas hefur ekki verið dans á rósum að undanförnu en hann ber sig vel þrátt fyrir allt.

# Stoltur af eiginkonunni

Michael Douglas segir í nýjasta þætti Opruh Winfrey að hann sé ákaflega stoltur af eiginkonu sinni, Catherine Zeta-Jones. Hann sé hins vegar sorgmæddur yfir þeirri staðreynd að hún hafi verið neydd af fjölmiðlum til að ræða veikindi sín opinberlega. Sögusagnir um að hún hefði verið lögð inn höfðu verið á sveimi um netið þar til Jones sendi sjálf frá sér yfirlýsingu og útskýrði að hún hefði verið greind með geðhvörf og hefði lagst inn á geðdeild. „Þetta var ekki auðvelt, elsti sonur minn er í ríkisfangelsi, fyrrverandi eiginkona mín hefur dregið mig fyrir dóm og ég var sjálfur með krabbamein. Þetta eru ekki beint auðveldustu aðstæðurnar til að koma fram og segja að maður sé þunglyndur,“ segir Douglas.




Tónlist ★★★

**The Optimist**

Steve Sampling

## Fjölbreyttir raftónar

The Optimist er fjórða plata Steve Sampling. Síðasta plata, Milljón mismunandi manns, sem kom út síðla árs 2009, var hip-hop upptökustjóraplata þar sem Steve sá um taktana, en hópur rappara skiptist á að sýna listir sínar í mismunandi lögum.

The Optimist er annarrar gerðar. Á henni eru engir textar, bara raftónlist og smá röddun á stöku stað. Steve kann þá list að búa til flotta stemningu og er sterkur í trip-hop deildinni. Nafnið á fyrsta lagi plötunnar, Entroduction, má skilja sem tilvísun í eitt helsta meistaraverk þeirrar tónlistar, Entroducing með DJ Shadow. En Steve fer nokkuð víða á The Optimist og sýnir á sér nýjar hliðar. Það eru hæggeng lög, en líka hraðari og dansvænni stykki inni á milli. Oft tekst Steve vel upp. Ég nefni sem dæmi titillagið The Optimist sem grúvar sérstaklega vel, Distorted Contact sem stigmagnast skemmtilega og Fuck Yeah!, en í því er nett Gusgusstemning.

Á heildina litið ágæt plata frá áhugaverðum listamanni.

Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Steve Sampling bregst ekki bogalistin á sinni fjórðu plötu.

# Lindsay horfist í augu við sjálfa sig

Bandaríska leikkonan Lindsay Lohan hefur ákveðið að líta í eigin barm. Hún viðurkenndi í spjallþætti Jay Leno í gærkvöldi að hún hefði gert mörg mistök í lífi sínu.

Lohan var nýlega dæmd í fangelsi í fjórða sinn á tiltölulega skömmum tíma og ákvað dómari í Los Angeles að Lohan hefði rofið skilorð sitt frá árinu 2007 þegar hún var handtekin vegna ölvunaraksturs. Dómurinn hljóðar upp á nokkrar vikur í fangelsi og 400 klukkustundir í samfélagsþjónustu. Lohan er grunuð um að hafa stolið hálsmeni frá skartgripahönnuði í Kaliforníu og verður réttað yfir henni í því máli í júní.

Lohan sagði við Leno í þætti gærkvöldsins að hún væri ekkert barn lengur. „Ég er 24 ára og hef gert mikið af mistökum og horfist í augu við það. Ég sé hlutina hins vegar í skýrara ljósi núna. Um leið og ég er einbeitt næ ég þeim takmörkum sem ég vil ná.“ Lohan bætir því við að ekki sé alltaf auðvelt að vera í þeirri stöðu sem hún var í. „Þegar maður er á mínum aldri er maður aldrei þakklátur fyrir það sem maður hefur. Þetta er bara ein stór rússíbanareið og aðrir taka allar ákvarðanir fyrir mann.“

Lohan hyggst endurreisa feril sinn og þegar hefur verið staðfest að hún muni leika á móti John Travolta í kvikmynd um John Gotti og Gambino-mafíufjölskylduna illræmdu. Framleiðendurnir hafa þegar lýst því yfir að umræddur dómur muni ekki hafa nein áhrif á kvikmyndina; Lohan muni leika í henni.



**ERFIÐIR TÍMAR** Það hefur tekið sinn tíma fyrir Lohan að ná sér aftur á strik. Hún viðurkenndi í viðtali við Jay Leno að hún hefði gert mikið af mistökum.








**HLYNUR BÆRINGSSON** átti flottan leik með Sundsvall þegar liðið vann 80-70 sigur á Norrköping í gær og komst í 2-1 í úrslitaeinvíginu um sænska meistaratitilinn. Hlynur var með 16 stig, 10 fráköst og 6 stoðsendingar en Jakob Örn Sigurðarson skoraði 8 stig. Sundsvall vann þarna annan leikinn í röð í einvíginu.

# DRAMATÍSKUR FH-SIGUR

**Atli Rúnar Steinþórsson var hetja FH þegar hann skoraði sigurmark liðsins á lokasekúndunni gegn Akureyri í gær. Leikurinn var æsispennandi og góð auglýsing fyrir deildina. Akureyringar eru óánægðir með dómara leiksins.**

**HANDBOLTI** „Það þarf ekki alltaf að skora mörg,“ sagði kampakátur FH-ingur við Atla Rúnar Steinþórsson eftir sigurmark línumannsins gegn Akureyri í gær. Atli skoraði þar sitt eina mark í fyrsta úrslitaleik liðanna um Íslandsmeistaratitilinn. Með því tryggði hann liðinu 21-22 sigur á einum erfiðasta útivelli landsins.

Leikurinn var frábær skemmtun og það stefndi allt í framlengingu þar til Atli skoraði með síðasta kasti leiksins. Skömmu áður hafði Akureyri jafnað en FH tók leikhlé þegar níu sekúndur voru eftir. Guðmundur Hólmar braut á Erni Inga og fékk rautt spjald. „Þetta er aldrei rautt,“ sagði Atli Hilmarsson og fyrirliði Akureyrar, Heimir Örn Árnason, segir dóminn fáránlegan.

Atli fékk boltann á línunni, skoraði örugglega, og tryggði FH mikilvægan sigur í baráttunni um titilinn en næsti leikur er annað kvöld í Hafnarfirðinum.

„Það þarf að hafa kaldan haus til að senda boltann inn á línuna en þetta var vel útfært,“ sagði Kristján Arason um sigurmark Atla. „Það breyttist allt við rauða spjaldið en þetta er það sem koma skal. Svona verða allir leikir. Við vorum svekktir ellefu sekúndum fyrir leikslok þegar við fengum á okkur mark en það lið sem spilar betur vinnur. Við ætlum að gera það,“ sagði Kristján og bætti við að andlegt forskot liðsins væri mikið. „Við fögnum í klukkutíma en svo er það næsti leikur.“

Akureyringar voru virkilega óánægðir með dómara leiksins undir lokin. „Þetta er rosalega stór ákvörðun sem breytir öllu. Þetta á að heita einhver regla en það verður að meta leikinn og aðstæður, hvað leikmaðurinn hefur tekið mörg skref, hvar hann er og svo framvegis. Hann var ekki rifinn niður í neinu dauðafæri,“ sagði Heimir Örn.

„En þetta er ekkert flókið. Við spiluðum fína vörn eins og yfirleitt og tókum skytturnar sérstaklega vel. Þó opnuðust hornin og sá í því hægra átti sennilega leik lífs síns. Það verður ekki af honum tekið. En svona er þetta bara, nú er það bara bólgueyðandi stíll, ísbað, og svo tökum við þetta á föstudaginn,“ sagði Heimir.

Sókn Akureyrar var ekki upp á sitt besta og ákvarðanataka oft léleg. Að sama skapi var sókn FH oft bitlaus en markmenn liðanna vörðu báðir vel. Leikurinn var góð skemmtun og þetta er vonandi það sem koma skal, dramatík, spenna og barátta. Svona eiga úrslitaleikir að vera. **- hþh**



**GRÍÐARLEIKUR FÖGNUÐUR Í LEIKSLOK** FH-ingar fögnuðu Atla Rúnari Steinþórssyni eftir að hann skoraði sigurmarkið. FRÉTTABLAÐIÐ/ SÆVAR GEIR SIGURJÓNSSON

## ÚRSLIT Í GÆR

### *N1 deild karla úrslit*

**Akureyri - FH 21 - 22 (9-11)**

**Mörk Akureyrar (skot):** Bjarni Fritzson 7/2 (13/3), Oddur Gretarsson 5 (10), Heimir Örn Árnason 3 (7), Hörður Fannar Sigþórsson 2 (3), Guðmundur Hólmar Helgason 2 (9), Daníel Einarsson 1 (1), Bergvin Gíslason 1 (3).
**Varin skot:** Sveinbjörn Pétursson 18 (40) 48%.
**Hraðaupphlaup:** 3 (Oddur, Guðmundur, Bjarni).
**Fiskuð víti:** 3 (Heimir, Guðlaugur, Hörður).
**Utan vallar:** 6 mínútur.
**Mörk FH (skot):** Ari Þorgeirsson 8 (11), Ólafur Guðmundsson 5 (13), Baldvin Þorsteinsson 3 (3), Ásbjörn Friðriksson 3/1 (6), Örn Ingi Bjarkason 2 (5), Atli Rúnar Steinþórsson 1 (3), Ólafur Gústafsson 9 (5).
**Varin skot:**Daníel Andrésson 19/1 (40) 48%),
**Hraðaupphlaup:** 2 (Ásbjörn, Baldvin).
**Fiskuð víti:** 1 (Atli).
**Utan vallar:** 8 mínútur.
**FH** er 1-0 yfir en næsti leikur fer fram í Kaplakrika á föstudagskvöldið. Það lið sem fyrr vinnur þrjá leiki verður Íslandsmeistari.

### *1. deild karla í handb. úrslit*

**Afturelding-Stjarnan 28-27 (15-16)**

**Mörk Aftureldningar:** Hilmar Stefánsson 5, Bjarni Aron Þórðarson 5, Sverrir Hermannsson 4, Þrándur Gíslason 3, Reynir Ingi Árnason 3, Jóhann Jóhannsson 3, Arnar Freyr Theódórsson3 Ásgeir Jónsson 2.
**Mörk Stjörnunnar:** Vilhjálmur Ingi Halldórsson 8, Eyþór Már Magnússon8, Tandri Már Konráðsson 5, Bjarni Jónasson 3, Elvar Örn Jónsson 2, Finnur Jónsson 1.

### *Meistaradeildin í fótbolta:*

**Schalke-Man. United 0-2**

0-1 Ryan Giggs (67.), 0-2 Wayne Rooney 69.)

### *Enska úrvalsdeildin:*

**Stoke-Wolves 3-0**

1-0 Kenwyne Jones (16.), 2-0 Ryan Shawcross (45+1), 3-0 Jermaine Pennant (51.).

Man. United skoraði loksins hjá Manuel Neuer eftir klukkutíma stórsókn:

# Með annan fótinn á Wembley

**FÓTBOLTI** Manchester United er í frábærum málum eftir 2-0 útisigur á Schalke í fyrri undanúrslitaleik liðanna í Meistaradeildinni í Þýskalandi í gærkvöldi.

Manuel Neuer, markvörður Schalke, hélt Schalkeliðinu á floti í rúman klukkutíma á móti stórsókn Manchester United en það var á endanum Ryan Giggs sem tókst að brjóta ísinn á 67. mínútu og tveimur mínútum síðar var staðan orðin 2-0 eftir mark frá Wayne Rooney. Sigur United-liðsins var sannfærandi og síst of stór og það bíður þýska liðsins afar erfitt verkefni á Old Trafford í næstu viku en liðið þarf þá að skora þrjú mörk til þess að komast áfram í úrslitaleikinn á Wembley.

„Ég held að þegar Chicharito skoraði í stöðunni 0-0 og var dæmdur rangstæður þá hafi hann sýnt hinum í liðinu að það var hægt að skora hjá þessum markverði,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri United eftir leikinn. Javier Hernandez, sem hafði fengið hvert færið á fætur öðru, skoraði þá laglegt mark á 51. mínútu leiksins en var réttilega dæmdur rangstæður.

„Neuer var frábær í þessum leik og ég tel að þetta hafi verið ein af bestu frammistöðum leikmanns sem ég hef séð í leik á móti Manchester United,“ sagði Ferguson. Neuer varði alls 8 skot í leiknum þar af sjö þeirra í fyrri hálfleiknum.

Wayne Rooney var maðurinn á bak við bæði mörk United í leiknum, lagði upp fyrra markið fyrir Ryan Giggs og skoraði það seinna sjálfur. „Við spiluðum virkilega vel í kvöld og áttum sigurinn skilinn. Við erum samt svolítið vonsviknir yfir að hafa ekki náð að nýta færin okkar betur í leiknum,“ sagði Wayne Rooney.

Ryan Giggs varð þarna elsti leikmaðurinn til að skora í Meistaradeildinni, 37 ára og 148 daga gamall. Hann bætti þar með met Filippo Inzaghi sem hafði verið 37 ára og 86 daga gamall þegar hann skoraði á sínum tíma fyrir AC Milan. **- óój**



**LOKSINS SIGRAÐUR** Ryan Giggs kemur boltanum fram hjá Manuel Neuer á 67. mínútu leiksins. NORDIC PHOTOS/GETTY




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > John Travolta

„Ég verð að trúa því að það sé einhvers konar líf þarna úti. Ég veit ekki í hvaða formi. En við getum ekki haft allar þessar vetrarbrautir og aðra heima án þess að það sé eitthvað annað í gangi.“

***John Travolta leikur rannsóknarlögreglumann sem reyndi að komast á slóðir ungs pars sem lék lausum hala og framdi hvert morðið á fætur öðru án þess að lögreglan hefði hendur í hári þess í kvikmyndinni Lonely Hearts sem byggð er á sönnum atburðum og er á Stöð 2 Bíó kl. 22 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON HORFÐI Á TOY STORY 3

# *Með kökk í hálsinum í barnaafmæli*

Ég komst nýlega á þann aldur að vinir mínir byrjuðu að eignast börn. Óhjákvæmilegur fylgifiskur þess eru afmælisveislurnar og ég fór í eina slíka um páskana. Þessar veislur eru náttúrlega miklu skemmtilegri en hefðbundnar afmælisveislur. Veitingarnar eru einlægar – súkkulaðikökur og heitir réttir – og það er engin landabolla í boði þannig að eina þynnkan er í formi mögulegrar bumbu. Þá er kveikt á sjónvarpinu í barnaafmælum, en slíkt tíðkast því miður ekki í veislum jafnaldra minna.



Toy Story 3 var á dagskránni í veislu helgarinnar. Þegar ég var búinn að hlaða kökusneiðunum á litríkan disk og hella ilmandi kaffi í pappaglas skreytt með myndum af dýrum tróð ég mér á milli barnanna, sem þekktu ævintýri kúrekans Vidda og Bósa Ljósárs betur en ég. Í fyrstu ætlaði ég að klára af disknum og bregða mér svo inn í eldhús og taka þátt í umræðum um *árferðið* eða eitthvað álíka skemmtilegt. Áformin urðu hins vegar að engu þar sem ég stóð ekki upp fyrr en myndin var búin, ef ein ferð til að fylla á diskinn er undanskilin.

Þvílík mynd. Toy Story 3 er ein besta mynd sem ég hef séð í langan tíma. Eins og í hefðbundnum barnamyndum er boðskapurinn góður, en í Toy Story 3 er honum pakkað svo smekklega inn að myndin skilur engan eftir ósnortinn. Undir lokin sat ég með kökkinn á hálsinum og gerði mitt besta til að halda andlitinu, enda umkringdur börnum sem tóku órjúfanlega vináttu Vidda og drengsins ekki nærri því eins alvarlega og ég.

## RÚV

**13.30 Martin læknir** (7:8) (e)
**14.20 Á meðan ég man** (7:8) (e)
**14.50 Austfjarðatröllið** (e)
**15.50 Ljósmæðurnar** (7:8) (e)
**16.20 Hönnunarkeppnin 2010** (e)
**16.50 Návígi** (e)
**17.20 Reiðskólinn** (5:15)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (31:42)
**18.30 Fínni kostur** (10:21)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, veður og Kastljós**
**20.20 Læknamiðstöðin** (49:53) (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Kings of Leon á tónleikum** (Kings of Leon: Live at the O2) Upptaka frá tónleikum bandarísku rokkhljómsveitarinnar Kings of Leon í London.
**00.00 Landinn** (e)
**00.30 Kastljós** (e)
**01.10 Fréttir** (e)

## BÍÓ

**08.00 Ghost Town**
**10.00 More of Me**
**12.00 The Last Mimzy**
**14.00 Ghost Town**
**16.00 More of Me**
**18.00 The Last Mimzy**
**20.00 Surrogates**
**22.00 Lonely Hearts**
**00.00 Brothers of the Head**
**02.00 See No Evil**
**04.00 Lonely Hearts**
**06.00 Love at Large**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Lois and Clark** (13:22)
**11.00 Cold Case** (15:23)
**11.45 Grey's Anatomy** (2:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (15:24)
**13.25 Chuck** (4:19)
**14.15 Pretty Little Liars** (12:22)
**15.00 iCarly** (10:45)
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (4:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir, íþróttir og Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (6:24)
**19.45 The Big Bang Theory** (14:17)
**20.10 Hamingjan sanna** (7:8) Ný íslensk þáttaröð í umsjá Ásdísar Olsen. Í þáttunum er fylgst með átta Íslendingum sem vinna markvisst að því að auka hamingjuna.
**20.50 Pretty Little Liars** (22:22) Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á bókum eftir Söru Shepard. Þættirnir fjalla um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.
**21.35 Ghost Whisperer** (7:22) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview.
**22.20 The Ex List** (2:13)
**23.05 Sex and the City** (2:20)
**23.35 Steindinn okkar** (3:8)
**00.05 NCIS** (11:24)
**00.50 Kings of South Beach**
**02.15 The Ruins**
**03.45 Cold Case** (15:23)
**04.30 Pretty Little Liars** (22:22)
**05.15 The Simpsons** (4:21)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**07.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**15.55 Meistaradeild Evrópu: Schalke - Man. Utd.** Fyrri viðureign liðanna í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu.
**17.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**18.00 Meistaradeildin - upphitun**
**18.30 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Barcelona** Bein útsending frá leik Real Madrid og Barcelona í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu. Þetta er fyrri viðureign liðanna.
**20.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**21.00 Golfskóli Birgis Leifs** (5:12)
**21.25 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Barcelona**
**23.10 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Stoke - Wolves**
**15.20 Blackpool - Newcastle**
**17.05 Aston Villa - Stoke** Útsending frá leik Aston Villa og Stoke City í ensku úrvalsdeildinni.
**18.50 Fulham - Bolton** Bein útsending frá leik Fulham og Bolton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni. Eiður Smári Guðjohnsen leikur með Fulham en hann hóf feril sinn í Englandi með Bolton á sínum tíma.
**21.00 Premier League Review** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**21.55 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**22.25 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta fram hjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og lífleg og fagleg umræða um enska boltann.
**23.40 Fulham - Bolton**

## SKJÁR EINN

**07.35 Matarklúbburinn** (5:7) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**12.00 Matarklúbburinn** (5:7) (e)
**16.55 Dr. Phil**
**17.40 Innlit / útlit** (8:10) (e)
**18.10 Dyngjan** (11:12) (e)
**19.00 America's Funniest Home Videos** (42:46) (e)
**19.25 Will & Grace** (1:25)
**19.50 Spjallið með Sölva** (11:16) Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spjallar um lífið, tilveruna og þjóðmálin.
**20.30 Blue Bloods** (13:22) Hörkuspennandi þáttaröð frá framleiðendum Sopranos fjölskyldunnar með Tom Selleck í hlutverki Franks Reagans, lögreglustjóra New York borgar. Frank fær Danny til að rannsaka morð á manni sem njósnaði um fyrirætlanir hryðjuverkamanna í borginni.
**21.20 America's Next Top Model** (5:13) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Tyra fer yfir erkitýpur í veröld tískunnar og hvernig skal takast á við frægðina. Stúlkurnar fara svo í verslunarmiðstöð og spjalla við almenning.
**22.10 Rabbit Fall** (5:8)
**22.40 Jay Leno**
**23.25 Hawaii Five-0** (8:24) (e)
**00.10 Law & Order: LA** (5:22) (e)
**00.55 Heroes** (10:19) (e)
**01.35 Will & Grace** (1:25) (e)
**01.55 Blue Bloods** (13:22) (e)

## SKJÁR*GOLF*

**08.10 The Heritage** (2:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 The Heritage** (2:4)
**15.50 Ryder Cup Official Film 1995**
**16.45 Ryder Cup Official Film 2004**
**18.00 Golfing World**
**18.50 Inside the PGA Tour** (16:42)
**19.20 LPGA Highlights** (5:20)
**20.40 Champions Tour - Highlights** (8:25)
**21.35 Inside the PGA Tour** (17:42)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (15:45)

## EXTRA

**19.25 The Doctors**
**20.10 Falcon Crest** (24:28) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing- og Giobertis-fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum þeirra.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.55 Bones** (3:23) Sjötta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Bones Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**22.40 Hung** (3:10) Gamansamur þáttur með dramatísku ívafi frá HBO og fjallar um Ray Drecker sem er skólaliðsþjálfari á fimmtugsaldri og stendur á rækilegum tímamótum lífi sínu og allt gengur á afturfótunum. Hann ákveður að taka málin í sínar hendur og reynir fyrir sér sem karlkyns gleðikona með æði misjöfnum árangri, þrátt fyrir að vera einstaklega vel vaxinn niður og góður í bólinu.
**23.10 Eastbound and Down** (3:6)
**23.40 Talk Show With Spike Feresten** (9:22)
**00.05 Falcon Crest** (24:28)
**00.55 The Doctors**
**01.35 Fréttir Stöðvar 2**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Eru þeir að fá´ann?** Sjóbirtingur fer að huga að niðurgöngu og laxinn að uppgöngu.
**20.30 Eitt fjall á viku** Útvist að hætti Ferðafélags Íslands og Péturs Steingrímssonar.
**21.00 Eitt fjall á viku**
**21.30 Bubbi og Lobbi** Sigurður G. og Guðmundur og kjarni málsins.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 SPORT KL. 18.30

### Real Madrid - Barcelona

Bein útsending frá fyrri viðureign Real Madrid og Barcelona í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu. Í þessum stórliðum frá Spáni eru margir af bestu knattspyrnumönnum heims og það verður gaman að sjá hvor hefur betur, Messi eða Ronaldo.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tíðindi frá Rarotonga **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Kamala, saga frá Indlandi **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.21** Spegillinn **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Bernskumyndir **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Hvert örstutt spor **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**11.00** Royally Mad **11.45** Keeping Up Appearances **12.15** ,Allo ,Allo! **12.40** A Bit of Fry and Laurie **13.15** The Inspector Lynley Mysteries **14.00** The Inspector Lynley Mysteries **14.50** Deal or No Deal **15.25** Deal or No Deal **16.00** Keeping Up Appearances **16.30** ,Allo ,Allo! **17.00** A Bit of Fry and Laurie **17.30** New Tricks **18.20** New Tricks **19.15** Untold Stories Of A Royal Bridesmaid **20.00** Live at the Apollo **20.45** The Catherine Tate Show **21.15** Little Britain **21.45** Coupling **22.15** Live at the Apollo

### DR 1

**11.30** Saras køkken **12.00** Hvad er det værd? **12.30** Hammerslag **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Humf **14.05** Timmy-tid **14.15** Den fortryllede karrusel **14.30** Carsten og Gittes Vennevilla **14.45** Kasper & Lise **15.00** Landsbyhospitalet **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Bonderøven **18.30** Smag på Norden **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Fem dage **21.00** Onsdags Lotto **21.05** Sigøjnerbander **21.50** Et liv

### NRK 1

**12.05** Ut i naturen **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Den nordiske smaken **14.40** Tradisjonshandverk **14.50** Filmavisen 1960 **15.00** NRK nyheter **15.10** Dyrisk **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** FBI **18.15** Folk **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Lov og orden. London **20.25** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.15** På kanten av stupet

### SVT 1

**08.30** Gomorron Sverige **09.15** Go'kväll **10.00** Rapport **10.05** Huset fullt av hundar **11.05** Nära & kära **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Konståkning: VM **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Krig för fred **19.30** Livräddarna **20.00** The Event **20.45** Sverker rakt på **21.15** Skavlan **22.15** Mästarnas mästare **23.15** Rapport **23.20** Dox



Fimm rétta

HOLI

hátíðarmatseðill

4.990 kr.

*FORRÉTTUR*

Pollichatu-lax

*Lax marineraður í blöndu af chillí, kúmmíni, kóríander, túrmerik, engiferi og hvítlauk. Grillaður í bananalaufi*

*AÐALRÉTTIR*

Barra-kebab

*Lambafillet, marinerað í hvítlauk, rauðu chillí, fenugreek og ferskri myntu. Vinsælasti lambaréttur Norður-Indlands*

*og*

Murg Chili Hussainee

*Einstök blanda af grænu chillí, hnetum, sinnepsfræjum, saffran og rjóma setur þennan kjúklingarétt í sérflokk*

*og*

Aloo Lucknowi

*Hægeldaðar kartöflur í ljúffengri blöndu af kúmmíni, kóríander, fenugreek, engiferi og hvítlauk*

*MEÐLÆTI*

Raitha

*Salat úr heimalagaðri jógúrt og gúrkum*

*og*

Basmati-hrísgrjón

*og*

Naan-brauð

*Gómsæti úr tandoori-ofninum*

*EFTIRRÉTTUR*

Crème Brûlée

*Indversk útgáfa af þessum klassíska rétti með kókos- og engiferbragði*

***Frábær tilboð á drykkjum***

# HOLI-hátíð

## á Austur-Indíafjelaginu

**Lokadagur Holi er 1. maí**

og því er einn tími til að njóta Holi-herlegheitanna sem slegið hafa rækilega í gegn undanfarið.

Komdu og njóttu þess besta í indverskri matargerð
**– margrétta hátíðarmatseðill fyrir aðeins 4.990 kr.**

***Borðapantanir í síma 552 1630.***





*HOLI er án efa líflegasta og litríkasta hátíð Indverja. Þá fagna þeir vorkomunni og kveðja vetrardrungann. Hvítklætt fólk, jafnt háir sem lágir, flykkist út á götur bæja og borga og baðar hvað annað upp úr alls kyns litum og gleðin ræður ríkjum.*

*Hverfisgata 56, 101 Reykjavík*
*Sími: 552 1630*

*Opið:*
*sun.-fim. 18:00 - 22:00*
*fös. og lau. 18:00 - 23:00*

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ
INDIAN RESTAURANT
www.austurindia.is



**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Síðustu sex mánuði hef ég eiginlega alið manninn á veitingastöðunum HaPP og Gló. Og svo er Hamborgarafabrikkan líka alltaf góð þótt það sé rétt að halda því til haga að síðast fékk ég mér grænmetisvefju.“*

Einar Bárðarson, útvarpsstjóri Kananns.

# Airwaves reynir við Fleet Foxes

„Fleet Foxes er flott band, Seattle er góð borg og það væri vissulega gaman að fá þá á Airwaves,“ segir Grímur Atlason, framkvæmdastjóri tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Grímur og félagar séu í viðræðum við bandarísku hljómsveitina Fleet Foxes frá Seattle um að hún komi fram á Airwaves-hátíðinni í haust. Heimildir herma einnig að viðræðurnar hafi staðið yfir í marga mánuði. Grímur vildi lítið tjá sig um málið í gær og sagði einfaldlega að Airwaves reyndi ávallt að fá góðar hljómsveitir sem pössuðu á hátíðina.

Fleet Foxes, sem er þjóðlagapoppsveit, er á mála hjá útgáfufyrirtækinu Bella Union. Tvær hljómsveitir þaðan, Beach House og Treefight for Sunlight, hafa þegar verið bókaðar á Airwaves í ár og hlýtur það að auka líkurnar á að Fleet Foxes fylgi fordæmi þeirra.

Fleet Foxes skaust fram á sjónarsviðið með samnefndum frumburði sínum árið 2008. Platan varð ofarlega á listum gagnrýnenda yfir bestu plötur þess árs og bíða margir tónlistarunnendur spenntir eftir þeirri næstu, Helplessness Blues, sem kemur út 3. maí. Hún hefur þegar fengið frábærar viðtökur, þar á meðal fullt hús og fimm stjörnur í breska tónlistartímaritinu Mojo.

Sveitin ætlar í tónleikaferð um heiminn til að fylgja plötunni eftir og er þegar uppselt á yfir helming tónleikanna.

- fb



**TIL ÍSLANDS?** Robin Pecknold og félagar í Fleet Foxes eru hugsanlega á leiðinni til Íslands. NORDICPHOTOS/GETTY







**FRÉTTIR AF FÓLKI**

Rauður kjóll sem **Björk Guðmundsdóttir** klæddist á tónleikaferð sinni árið 2001 er nú kominn á safn í New York, nánar tiltekið á Metropolitan Museum of Art. Þar verður hann hluti af sýningu til heiðurs fatahönnuðinum Alexander McQueen, sem féll fyrir eigin hendi í febrúar á síðasta ári. Alls verða hundrað kjólar til sýnis á þessari sýningu en samkvæmt frétt um málið sem birtist á vefsíðu Financial Times ákvað Björk að gefa sýningunni kjólinn. Björk og McQueen voru ákaflega nánir samstarfsmenn og flestir tískuspekúlantar eru sammála um að Björk eigi stóran þátt í velgengni McQueen. Til að mynda hannaði hann frægan kjól framan á plötuumslag Homogenic sem kom út árið 1997.

- fgg



ÓLAFUR ARNALDS: ÞETTA ER FREKAR KÚL

# Með tvö lög í þáttunum So You Think You Can Dance

„Þetta er frekar kúl. Ég horfi alltaf á þættina. Þeir eru í miklu uppáhaldi hjá mér,“ segir tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds, sem á tvö lög í næstu þáttaröð af So You Think You Can Dance sem fer í loftið í lok maí.

Ólafur tekur fram að enn eigi eftir að klippa þættina en miklar líkur séu þó á að lögin tvö, Kjurrt og Gleypa okkur, verði í þáttunum. „Maður veit aldrei hvað endar í sjónvarpi og hvað ekki,“ segir hann varkár. Lögin eru af síðustu plötu Ólafs, ...And They Have Escaped the Weight of Darkness sem kom út í fyrra. Þau eru bæði mjög róleg en tveir dansarar í þáttunum völdu þau fyrir dansatriði sín.

Næsta þáttaröð So You Think You Can Dance verður sú áttunda í röðinni. Að meðaltali horfðu um fimm milljónir Bandaríkjamanna á síðustu þáttaröð og því er ljóst að kynningin fyrir Ólaf er mikil.

Stutt er síðan hann gerði samning við bandarísku umboðsskrifstofuna CAA, sem er ein sú virtasta í heiminum. Hún er með stjörnur á borð við Steven Spielberg, Opruh Winfrey og Brad Pitt á sínum snærum. Ólafur segir aðspurður að geggjað hafi verið að heimsækja höfuðstöðvar fyrirtækisins í Los Angeles. „Þetta er skýjakljúfur með gati í gegn. Ég var á ódýrum bílaleigubíl og lagði fyrir utan í kringum Lamborghini- og Maserati-bíla,“ segir hann og hlær.

Ólafur fékk enga greiðslu fyrir að undirrita samninginn við CAA en ef hann fær verkefni við kvikmyndatónlist fær hann töluvert fyrir sinn snúð. Það verður að teljast líklegt því hann fékk góð viðbrögð við tónlist sinni í Hollywood-myndinni Another Happy Day með Sam Levinson, Ellen Barkin, Kate Bosworth og Demi Moore í aðalhlutverkum.

„Ég var úti í fimm vikur og þeir [fulltrúar CAA] sendu mig á fundi á hverjum degi. Þeir vildu láta mig kynnast öllum í bransanum og ég fór á fundi með öllum indí-upptökustjórunum og kvikmyndaverunum. Ég fór til Warner, Fox og Disney, sem var mjög gaman.“

Ólafur er staddur heima á Íslandi þessa dagana við upptökur á næstu plötu sinni en stefnir á að fara aftur út til Los Angeles í haust. Í sumar spilar hann á hinum ýmsu tónlistarhátíðum, auk þess sem hann er að taka upp nýja plötu þjóðlagasveitarinnar Árstíða.

**freyr@frettabladid.is**



**Í UPPÁHALDI** Bandarísku dansþættirnir So You Think You Can Dance eru í miklu uppáhaldi hjá Ólafi Arnalds. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**5** Fimm milljónir Bandaríkjamanna fylgdust með So You Think You Can Dance í fyrra.




## „Umhverfis-hugvekja“ í kvöld í Fríkirkjunni við Tjörnina, kl. 20.00

Í samvinnu við verkefnið

GRÆNN APRÍL

Fríkirkjan við Tjörnina er græn og grasrótarvæn.

Kastljósinu verður sérstaklega beint að umhverfismálum og náttúruvernd bæði í tali og tónum.

Landsþekktir listamenn koma fram. Umhverfisráðherra Svandís Svavarsdóttir mun ávarpa samkomuna.

Fríkirkjan við Tjörnina býður alla velkomna til þátttöku í þessari ánægjulegu vitundarvakningu. Þátttaka hvers og eins skiptir máli



FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK

# Dreymir stundum Nágranna

„Nei, mér hefur aldrei leiðst og ef ég er frá þáttunum í einhvern tíma er ég farin að hlakka til að taka upp þráðinn aftur,“ segir þýðandinn Snjólaug Bragadóttir.

Í dag verður sýndur sexþúsundasti þátturinn í áströlsku sápunni Nágrönnum, sem hefur fylgt áhorfendum Stöðvar 2 nánast frá upphafi stöðvarinnar. Það eitt og sér er nokkuð merkilegt enda þótt sápuóperur hafi yfirleitt lengra líf en aðrar sjónvarpsþáttaraðir. Það sem er merkilegt er að Snjólaug hefur þýtt hvern og einn einasta þátt.

Snjólaug segir þetta bara hafa æxlast svona og hún hefur horft á hvern einasta þátt, suma hverja tvisvar. „Nágrannar verða 25 ára í ár og ég hef þýtt þá síðan 1989. Fyrstu árin þýddi ég tvo þætti á dag á meðan við vorum að vinna upp en núna er þetta bara einn á dag.“ Snjólaug segist ekki hafa orðið fyrir neinum skaða af því að horfa á Nágranna; þeir læðist reyndar stundum inn í draumana hennar. „Nei, það eru engar öfgar í þessum þáttum, þetta er bara venjulegt fólk þótt núna séu reyndar farnar að slæðast inn morðtilraunir og framhjáhald. Og þetta eru heldur ekki spillandi þættir, börnum er kennt að vera með hjálm og vera góð við dýrin.“

Nágrannar eru merkilegir að því leyti að þar er ekki skipt um leikara eins og tíðkast í bandarískum sápum. „Persónurnar eru yfirleitt bara skrifaðar út úr þáttunum og eiginlega alltaf látnar flytja til New York. Fyrst var það London en nú þykir hún ekki nógu fín.“ Og það er ekkert fararsnið á þýðandanum, hún er með handrit fram að jólum. „Ég held áfram svo lengi sem öllum heilsast vel.“

- fgg



**GOTT TVÍEYKI** Snjólaug Bragadóttir hefur þýtt alla sex þúsund þættina af Nágrönnum sem hafa verið sýndir á Stöð 2. Suma hverja hefur hún horft á tvisvar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




**Frumsýnt í kvöld kl. 20** UPPSELT

fim. 28/4 kl. 20 UPPSELT
fös. 29/4 kl. 20 UPPSELT
lau. 30/4 kl. 20 UPPSELT
þri. 3/5 kl. 20 UPPSELT
mið. 4/5 kl. 20 UPPSELT
fim. 5/5 kl. 20 UPPSELT
fös. 6/5 kl. 20 UPPSELT
lau. 7/5 kl. 20 UPPSELT
sun. 8/5 kl. 20 UPPSELT
fös. 13/5 kl. 20 UPPSELT
sun. 15/5 kl. 20 UPPSELT
þri. 17/5 kl. 20 UPPSELT
mið. 18/5 kl. 20 UPPSELT
fim. 19/5 kl. 20 örfá sæti
fös. 20/5 kl. 20 UPPSELT
sun. 22/5 kl. 20 UPPSELT
þri. 24/5 kl. 20 UPPSELT
mið. 25/5 kl. 20 UPPSELT
lau. 28/5 kl. 20 örfá sæti
sun. 29/5 kl. 20 UPPSELT
þri. 31/5 kl. 20 UPPSELT
mið. 1/6 kl. 20 UPPSELT
fim. 2/6 kl. 20 UPPSELT
fös. 3/6 kl. 20 UPPSELT
lau. 4/6 kl. 20 örfá sæti
sun. 5/6 kl. 20
þri. 7/6 kl. 20
mið. 8/6 kl. 20

SNARPUR SÝNINGARTÍMI

VesturPort

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

**Borgarleikhúsið**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Spáði ekki páskahretinu

**Sigurður Þ. Ragnarsson**, stundum nefndur Siggi Stormur, lýsir veðri á síðum og vef DV. Í gær taldi hann líkur á að hlýnaði þegar liði á daginn í dag „og ekki að sjá annað en kuldinn sé farinn í bili og ekki að sjá kuldakast alveg í bráð". Fjölmiðlamaðurinn **Jakob Bjarnar Grétarsson**, sem heldur úti Fréttum af Facebook á vef Eyjunnar, gerði athugasemd við spána á Facebook-vef Sigurðar: „Siggi Siggi … ert þú ekki maðurinn sem spáðir hitabylgju fyrir páska og stakkst svo sjálfur af til Spánar – þar sem vissulega var hitabylgja á íslenskan mælikvarða. Ekkert bólaði hins vegar á þessu fína veðri hér á Fróni?"



### Hlaupagikkur

Veðurfréttakonan **Elísabet Margeirsdóttir** á Stöð 2 er ekki bara fær í að spá fyrir um veðrið á Íslandi því hún þykir lunkinn langhlaupari. Eins og Fréttablaðið fjallaði um fyrir næstum tveimur árum hefur Elísabet hlaupið maraþon úti um allar trissur, meðal annars í Berlín, Kaupmannahöfn og tvívegis í New York. Elísabet getur nú bætt einni elstu maraþonkeppni heims á metorðaskrána því fyrir páska hljóp hún maraþonið í Boston. Elísabet getur verið nokkuð sátt með árangurinn en tíminn var þrjár klukkustundir og 48 mínútur.



**- óká, fgg**

## Mest lesið vísir

1. Tveir menn í gæsluvarðhald grunaðir um nauðgun
2. Áfangaheimili Ekron lokað
3. Dingó-hundar meiddu barn í Ástralíu
4. Kæra bæinn fyrir að hygla heimamönnum
5. Göngumaður með opið fótbrot – missti mikið blóð


## Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir




Fréttablaðið og Morgunblaðið kemur út sex daga vikunnar, á meðan DV kemur út þrisvar í viku og Fréttatíminn einu sinni.

Allt sem þú þarft

Sumarferðir kynna nýjan og spennandi áfangastað!

NÝTT!

SUMAR 2011

# Almeria

*- falda perlan í Miðjarðarhafinu!*

- Sólríkur og menningarlegur staður í hjarta Andalúsíu
- Fallegur strandbær og glæsilegar gistingar
- Spennandi afþreying og verslunarmögulekar í boði
- Sólríkar strendur, hvítkölkuð hús, nautaat, og seiðandi flamenco-tónlist
- Flogið í beinu morgunflugi í allt sumar







Arena Center ☆☆☆☆

frá 95.800 kr.

Vika
Brottför: 26. ágúst

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð á mann frá 113.650 kr ef m.v. 2 fullorðna.*

SUMAR FERÐIR

sumarferdir.is

...eru betri en aðrar

* Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallaskattar, gisting í viku og íslensk fararstjórn.